

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

DESEMBER 2014



12. tbl. 17. árg.

Wilson's PIZZA

S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

GLEÐILEG JÓL

300 kr.

VINNINGUR

10 SINNUM!

Næsti vinningur kr. 500.000



Séð yfir Reykjavík af Öskjuhlíð.

Mikil þétting byggðar skapar umferðarvanda

Bjarni Reynarsson skipulagsfræðingur telur varhugavert að ætla að 90% af nýbyggingum í Reykjavík verði innan núverandi byggðar eins og skipulag gerir ráð fyrir. Hann kveðst hafa áhyggjur af svo mikilli þéttingu og einkum því sem óhjákvæmilega verði fylgifiskur hennar. Hann segir Íslendinga dreifbýlisfólk í eðli sínu og búi við önnur viðhorf að því leyti en Evrópubúar sem alist hafi upp kynslóð fram af kynslóð í aldagömlu þéttu borgarumhverfi.

Bjarni telur einnig að mikilli þéttingu byggðar fylgi ýmis vandamál einkum umferðarvandamál þar sem núverandi umferðarmann-virki muni ekki bera þá

auknu umferð sem fylgi svo mikilli þéttingu byggðar og fólksfjölgun. Í vesturbæ Reykjavíkur séu nú þegar vandamál tengd umferð og tekur Hringbrautina og Suðurgötuna sem dæmi um umferðaræðar sem erfitt er að skerða en einnig nauðsynlegt að gangandi fólk komist yfir. Á því þurfi að finna lausnir án þess að þrengja um of að umferðinni. Þá sé heilt sveitarfélag með um nærri 4.400 íbúum vestan Vesturbæjarins sem ekki eigi aðra útgönguleið á landi en í gegnum Vesturbæinn. Menn verði að fara sér hægt að þessu leyti því þótt einhverjum finnist gott að losna við bílaumferðina sé sá kostur ekki í boði. Bjarni telur nauðsynlegt að huga betur að

uppbyggingu atvinnufyrirtækja í austurhluta borgarinnar til þess að dreifa álaginu á samgöngurnar. Tal um hjólreiðar og notkun strætisvagna sé ekki raunhæft nema að litlu leyti á meðan meirihlutinn fer um á einkabílum. Óraunhæft sé að ætla reiðhjólinu að verða að almennum samgöngumáta í Reykjavík. Hún er ekki þess háttar borg og ekki hægt að bera hana saman við gamlar og þröngar borgir þar sem ekki er hægt að fara um á einkabílum. Hér haldi einkabíllinn sínu striki og bílaeign virðist fara vaxandi á ný eftir hrúnið þótt almenningssamgöngur njóti einnig aukinna vinsælda og hjólreiðar séu í tísku.“

PANTAÐU Á DOMINOS.IS

DOMINO'S APP

SÍMI 58 12345

Fljött & Gott

Heimilismatur
alla daga frá 11 til 20
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is

græn heilsa

Ægisíða 121
Sími 551 1717

Opið alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Hólsfjallahangikjötið

Úrbeinuð læri 20% afsláttur

Verð áður 3498.- kg. Verð nú kr. 2798.- kg.

Úrbeinaðir frampartar 20% afsláttur

Verð áður kr 2598.- kg. Verð nú kr. 2079.-

Gildir frá fimmtudegi til mánudags meðan birgðir endast.

HÁTÍÐARMATURINN: Hreindýrakjöt, villigæsir, confit, hamborgarhyggir, foie gras, kalkúnar, Labeyrie andabringur, krónhjartarkjöt, svínakjöt, Hólsfjallahangikjöt, KEA hangikjöt, SS-hangikjöt, nautakjöt, fasanar, aliendur, stökkandabringur, aligæsir, kengúra, lambakjöt, allskonar villibráð ofl. MUNIÐ AÐ PANTA TÍMANLEGA !



Hagamel 39 - Sími 551-0224

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
12. tbl. 17. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Umferð vex með þéttingu byggðar

Skipulagsmálin skipta meira máli en margan grunar. Þau eru grunnur að því umhverfi sem fólk eyðir lífshlaupinu við. Hvaða byggð sem fólk kýs að búa innan byggist hún á skipulagi – hugmyndafræði sem unnin hefur verið á grunni ríkjandi aðstæðna og nýrra hugmynda.

Aðalskipulag Reykjavíkur hefur verið til umræðu að undanförunu og sitt sýnist hverjum eins og gengur um hugmyndir að baki þess. Þétting byggðar stingur í augu sumra á meðan öðrum finnst tími komin til að hætta þeirri útpenslu um holt og móa sem uppbygging Reykjavíkur hefur að nokkru byggst á.

Þétting byggðar hefur ýmsa kosti en við öðru þarf að bregðast. Eitt af því er að þéttari byggð kallar á meiri umferð. Til að mæta ferðapörf fleira fólks á tilteknum svæðum verður að huga að umferðamannvirkjum og endurbyggja að einhverju leyti. Leggja verður hjólreiðastíga, bæta skilvirkni almenningssamganga og tryggja að stofnbrautir og aðalumferðaræðar flytji þá umferð sem óhjákvæmileg verður.

Vesturbænum er nú þegar við nokkurn umferðarvanda að eiga. Hringbrautin og Suðurgatan skera byggðirnar og Hofsvallagatan að nokkru. Um hafnarsvæðið, einkum Geirsgötu fer einnig mikil umferð og þar á meðal þunga- og olíuflutningar. Á öllum þessum svæðum verður að gera ráð fyrir vaxandi umferð fólks, hjólandi, með almenningssfarartækjum og í eikabílum þegar sú þétting byggðar sem fyrirhuguð kemur til framkvæmda.

Ídrögum að skipulagi háskólasvæðisins er gert ráð fyrir undirgöngum undir Suðurgötu og borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa gert að tillögu um að byggð verði undirgöngur undir Hringbraut sem hvort tveggja eru brýn verkefni. Hofsvallagatan er vandamál og beðið tillagna um nýja útfærslu hennar. Engin framtíðarlausn virðist á hafnarsvæðinu önnur en að leggja að minnsta kosti hluta Geirsgötu í stokk eins og rætt var um fyrir nokkrum árum.

Umferðinni verður ekki vikið burt. Með fleiri íbúum eykst þörfin fyrir að komast leiðar sinnar hvaða umferðamáta sem menn kjósa hvort sem er í Vesturbæ Reykjavíkur eða annarsstaðar. Í þéttum borgum fer hluti umferðar fram neðanjarðar. Með lestum og löngum akstursleiðum í undirgöngum. Litlar lýkur eru á að slíkur umferðamáti geti orðið að veruleika hér á landi – alla vega ekki á næstu árum nema þá að mjög takmörkuðu leyti. Þess vegna verða menn að vanda sig við skipulag og finna leiðir til þess að mismunandi samgöngumáttar geti þróast hvor með öðrum án þess að skerða öryggi eða valda meiri truflunum á lífsgæðum íbúanna en brýnustu nauðsyn ber til.



rafmagn@mi.is

Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R



Um 500 nýjar félagslegar leiguíbúðir

Borgarráð hefur samþykkt tillögu borgarstjóra um að heimila Félagsbústöðum að fjölga félagslegum leiguíbúðum borgarinnar um 500 á næstu fimm árum, árin 2015 – 2019. Fjárfesting Félagsbústaða mun nema um 13,5 milljörðum króna. Tillagan byggir á þarfagreiningu velferðarsviðs með vísan til núverandi þarfar, biðlista og spám um þörf fyrir félagslegt leiguhúsnæði til framtíðar. Gert er ráð fyrir að fjöldi almennra félagslegra leiguíbúða í eigu félagsins verði um 1.815 í árslok 2014. Eignasafnið talið í fjölda íbúða mun stækka um 28% til ársloka 2019. Fjárfestingin nemur allt að 13,5 milljörðum á næstu fimm árum. Gert er ráð fyrir því að Reykjavíkurborg og ríki leggi fram um 30% eigið fé, í samræmi við hugmyndir um framtíðarskipan húsnæðismála. Þegar hefur verið óskað eftir formlegum viðræðum við félags- og húsnæðismálaráðherra um aðkomu og stuðning ríkisins við verkefnið.



Uppeldismálin í forgrunni

Uppeldismál eru í forgrunni í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 sem var samþykkt í borgarstjórn 2. desember. Á meðal þess sem fram kemur í áætluninni er að Leikskólagjöld gjöld lækka um rúm 6%, frístundastyrkur hækkar og systkinaafslættir þvert á skólastig verða að veruleika. Framlög til fæðisgjalda og sérkennslu verða aukin svo og framlag borgarinnar til hráefniskaupa í leik- og grunnskólum sem hækkar um 56 milljónir króna frá fyrri áætlun til að auka gæði skólamáltíða. Framlög til

sérkennslu í leik- og grunnskólum eru einnig aukin um tæpar 48 milljónir króna. Þá eru 20 milljónir króna lagðar í sérstakt átak til að auka þátttöku í frístundastarfi fyrir börn af erlendum uppruna, fatlaða framhaldsskólanema og börn tekjulágra foreldra sem ekki uppfylla skilyrði um fjárhagsaðstoð. 20 milljónir eru settar í samþætilegt átak fyrir ungmenni 16 ára og eldri sem ekki eru í námi. Ennfremur var samþykkt aukin fjárheimild til mannréttindaskrifstofu upp á tæpar 45 milljónir til samstarfsverkefnis lögreglunnar og borgarinnar í aðgerðum gegn heimilisofbeldi.



Fimm milljarðar umfram áætlun

Óendurskoðaður árshluta-reikningur Reykjavíkurborgar fyrir fyrstu níu mánuðina, tímabilið janúar til september 2014, var staðfestur í borgarráði 27. nóvember. Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A og B hluta, var jákvæð um rúma 11 milljarða króna en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um sex milljarða. Rekstrarniðurstaðan er því rúmum fimm milljörðum króna betri en gert var ráð fyrir. Helstu ástæður má rekja til tekjufærslu matsbreytinga fjárfestingaeigna hjá Félagsbústöðum og áhrifa fjármagnsgjalda hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Þar vegur þýngst gengismunur og verðmæti innbyggðra afleiða. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um rúma 13 milljarða króna sem er 288 milljónum lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Heildareignir samstæðunnar samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi námu í lok september samtals 492.5 milljörðum króna en heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 286.7 milljarðar króna og eigið fé nam 205.7 milljörðum króna en þar af nam hlutdeild meðeigenda 10.8 milljörðum króna.

Íslenskt jólatré á Tinghúsvöllinum

Sóley Tómasdóttir, forseti

borgarstjórnar, var viðstödd tendrunarathöfn íslenska jólatrénsins í Þórshöfn í Færeyjum laugardaginn 29. nóvember. Tréð er gjöf frá Reykjavíkurborg og er þakklætisvottur fyrir frændsemi þjóðanna tveggja. Sóley afhenti tréð fyrir hönd Reykjavíkurborgar en þetta er í annað sinn sem Reykvíkingar færa Þórshafnarbúum jólatré sem þakkarvott fyrir frændsemi og vináttu milli þjóðanna tveggja. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, felldi sjálfur tréð á skógræktarsvæði Skógræktar Reykjavíkur á Elliðavatnsheiðinni í Heiðmörk um miðjan nóvember sl.en það er 12 metra hátt sitkagreni sem var gróðursett árið 1960 og er því 54 ára gamalt. Eimskipi sá um flutning trésins til Færeyja. Jólatréð stendur nú upplýst á Tinghúsvöllinum, torgi í miðborg Þórshafnar, og var margmenni samankomið við athöfnina í gær. Heðin Mortensen borgarstjóri Þórshafnar þakkaði reykvíkingum kærlega fyrir gjöfina og sagði þetta góðan jólasíð sem myndi styrkja enn frekar samstarf og vinsemd milli borganna tveggja. Hann bað fyrir kveðju til reykvíkinga með þökkum fyrir fallett tré eða eins og segir á tungumáli frænda okkar, “Eisini vil eg her nýta høvi til at ynskja íslensku frændum okkara fyrri vestan eini gleðlig jól og gott nýggjár, og takka fyrri gott samstarf í árinum, sum fór”.

Sr. Örn Bárður í leyfi

Sr. Örn Bárður Jónsson sóknarprestur í Neskirkju er farinn leyfi. Leyfið er til sex mánaða og mun hann starfa í Noregi á leyfistímanum.



Örn Bárður Jónsson.

Sr. Sigurður Árni Þórðarson sem einnig var prestur við Neskirkju tók við starfi sóknarprests við Hallgrímskirkju 1. desember sl. Sr. Sigurvin Lárus Jónsson mun áfram þjóna í Neskirkju ásamt Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson fyrrum dómkirkjupresti sem þjónar til að byrja með og aðrir eftir þörfum á þeim tíma sem sr. Örn Bárður verður í leyfi.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Vesturbæingar



Nú set ég nagladekkin undir reiðhjólid.

Allar jólagjafirnar á einum stað

*Ekki þvælast um bæinn
þveran í leit að jólagjöfum.
Verlaðu heima í héraði
á hagstæðu verði.*



Í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi finnur þú meira en þig grunar. Njóttu þess að vera í notalegu umhverfi, fáðu þér kaffi og köku í Bókakaffi stúdenta, kíktu á nýjustu bækurnar og skoðaðu allar skemmtilegu gjafavörurnar í Kaupfélagi stúdenta.



bóksala stúdenta

Viskubrunnur við Vatnsmýrina

Háskólatorgi - www.boksala.is - www.facebook.com/boksala

Sagan bjargaði mér

Sagnfræðingurinn og háskólakennarinn á Bráðræðisholtinu spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni. Nafn Guðna Th. Jóhannessonar er löngu orðið kunnugt á meðal almennings vegna bóka sem hann hefur skrifað um nýsöguleg efni á undanförnum árum. Einna kun­nast verka hans er ævisaga Gunnars Thoroddsen sem var einn litríkasti stjórnmálamaður Íslands á síðustu öld og lauk stjórn­málaferli sínum með eftirminni­legum hætti sem forsætisráðherra á árunum 1980 til 1983. Af öðrum verkum Guðna má nefna bók um Kára Stefánsson, bók um Þorskas­tríðin þrjú, bók um hrunið 2008 og bók um Óvini ríkisins sem fjallar um þátt róttækra vinstri­manna í stjórnmálasögu liðinnar aldar. Guðni er fæddur í Vestur­bænum og átti þar sin fyrstu spor en flutti ungur með foreldrum sínum suður í Garðahrepp sem þá hét svo en hefur fyrir löngu orðið að Garðabæ. Í menntaskóla fann hann að sagan var það fag sem átti hug hans. Hann fór til náms í sagnfræði við Háskóla Íslands en felldi sig ekki við les­tur forn- og miðaldasagna á þeim bæ. Hugurinn stóð til nútímasa­gnfræði og hann hélt fljótlega til Bretlands til sagnfræðináms. Leiðin lá aftur heim aftur þar sem hann hefur starfað að sagnfræði­rannsóknum, ritstörfum og háskólakennslu undanfarin ár. Hann settist með tíðindamanni á kaffihúsinu í Neskirkju einn dimman desembermorgun á dögunum.

„Leið mín í Vesturbæinn lá frá fæðingardeildinni og mitt fyrsta æviár bjó ég með foreldrum mínum í lítilli íbúð á horni Ægisgötu og Mýrargötu. Móðir mín Margrét Thorlacius, sem var lengi bar­nakennari, er Vesturbæingur í húð og hár. Hún ólst upp á Ránargö­turni í foreldrahúsum með tveimur eldri systkinum. Ég á margar góðar minningar þaðan. Það var notalegt að koma til afa og ömmu. Afi Guðni sem ég heiti í höfuðið á fór með okkur niður að höfn. Hann var skip­stjóri, var lengi með vitaskipin Her­móð og Árvakur. Við lékum okkur við höfnina og skoðuðum skipin og bátana með honum. Svo man ég líka eftir að hafa farið á Melavöllinn með afa og fengið bláan ópal.“

Af Ægisgötunni á Arnarnes

Guðni dvaldi þó ekki öll bern­skuárin í Vesturbænum því fjöls­kyldan tók undir sig stökk ef svo má segja og flutti í Garðahrepp sem var en heitir Garðabær í dag. „Foreldrar mínir festu kaup á foheldu húsi á Arnarnesi. Fólki fannst það djarft hjá þessum ungu kennarahjónum að kaupa sér einbýlishús í þessu Beverly

Hills Íslands. Þar ólst ég upp og sleit barnsskónum við gott atlæti. Ég eignaðist marga leikfélaga og kynntist góðu fólki í kringum okkur. Þarna bjuggu ýmsir þekktir eins­taklingar; frumherjarnir í Loftle­iðum, Kristinn Olsen og Alfreð Elíasson, Clausen bræðurnir Örn og Haukur frjálsíþróttakappar, Finnbjörn Þorvaldsson og Stein­grímur Hermannsson sem síðar varð forsætisráðherra svo nokkrir séu nafngreindir. Þá var mest byggt sunnanmegin á nesinu og tún og fjara voru allt í kringum okkur. Við hlupum í gegnum garðinn hjá Finna og Dídó til að komast í fótbolta niðri á túni. Það var svo mikið pláss. Svo mikið óbyggt. Tjörn var sunnanmegin á nesinu og svo var forn dys við Kópavogslækinn en þar voru ytri mörk þess sem maður þorði að fara.“

Amma kom með strætó á hverjum degi

„Faðir minn Jóhannes Sæmunds­son var íþróttakennari við Menntaskólann í Reykjavík og ein­nig þjálfari í frjálsum íþróttum og handbolta og körfubolta þannig að við bræðurnir ólumst upp í heimi íþróttanna. Við fórum gjarnan með honum á æfingar, ég og Patrekur yngri bróðir minn sem gerði síðan garðinn frægan í handboltanum. Jóhannes, yngsti bróðirinn, náði þessu því miður ekki því að hann var bara á fjórða ári þegar pabbi lést. Patti er núna þjálfari Austur­ríkis og Hauka í handbolta karla en Jói tölvusnillingur er í einhverri stjórnunarstöðu hjá CCP sem ég kann ekki alveg að útskýra. Þeir eru báðir vel kvæntir og samtals eigum við bræðurnir 11 börn svo að það er nóg um að vera í bar­naafmælum og jólaboðum. Forel­drar mínir voru bæði í fullu starfi þegar við vorum að alast upp og amma Margrét sem bjó þá enn á Ránargötunni en flutti síðar á Brek­kustiginn kom á hverjum degi með strætó og beið okkar heima þegar við komum úr skólanum með ristað brauð og mjólkurglas. Hún hugsaði afskaplega vel um okkur. Hún var fædd 1909 var því komin á áttæðisaldur upp úr 1980 en var heilsuhraust. Ég man að sumir strætóbílstjórarnir voru svo ljúfir við hana að þeir keyrðu hana heim að dyrum til okkar í Blikanesinu þótt þeir þyrftu að taka smá krók af hefðbundinni akstursleið og var ekki alveg samkvæmt öllum lögum og reglugerðum. Það var mjög indælt að vita af ömmu heima þegar maður kom úr skólanum.“

Áfall að missa pabba

„Móðir mín kenndi fyrst við Landakostskóla í einn vetur en síðan við Hlíðaskóla og lengst við barnaskóla Garðahrepps eða Fla­taskóla í Garðabæ eins og hann



Guðni með börnin sín fimm. Það skiptast á skin og skúrir í lífinu. Fremst eru Edda Magga sem vill aftur til ljósmyndarans mömmu sinnar, og Sæþór horfir hugsandi á hana. Svo er Donni rétt sjáanlegur bak við systur sína, Duncan hæstánægður með lífið og tilveruna og Rut stóra systir sömuleiðis. Mynd: Eliza Reid.

heitir í dag. Seinna var hún ritstjóri barnablaðsins ABC og sá líka um barnaefni í DV. Faðir minn var sem fyrr segir íþróttakennari við MR en hann lést úr krabbameini vorið 1983, á fertugasta og þriðja aldursári. Það var mikið áfall eins og gefur að skilja en móðir okkar stóð sig eins og hetja, hélt öllu gangandi og við bjuggum áfram í Blikanesinu. Allt sem við bræðurnir höfum afrekað eignum við henni að þakka, hitt sem hefur klikkað er okkur sjálfum að kenna. Sama sumar og faðir minn féll frá hóf ég skólagöngu við Menntaskólann í Reykjavík. Þótt ég segi sjálfur frá var ég fyrimyn­dar nemandi í barnaskóla og grunnskóla en því miður missti ég einhvern veginn dampinn í MR. Á móti því kom að ég eignaðist mjög góða vini í menntaskólanum og hef líklega þess vegna alltaf stutt bek­karkerfið í framhaldsskóla eða að minnsta kosti fundið að það hen­tar sumum mjög vel. Bekkjarkerfið gaf mér ákveðinn ramma utan um lífið í skólanum og við hittumst enn reglulega gamlir bekkjarfélagar úr MR. Þá verðum við aftur unglingar, fíflumst og segjum aulabrandara.“

Sagan bjargaði mér

Guðni segir að skólagangan hafi átt misvel við sig. „Það voru sum fög í skólanum sem maður neyddist til að taka út af skipulagi en sinnti lítið eða alls ekki. En

blessunarlega festi ég yndi við eitt fag þegar leið á námið. Þetta var saga – sérstaklega samtímasaga og stjórnmálafræði. Birgir Guðmunds­son stjórnmálafræðingur sem nú er háskólakennari á Akureyri kenndi mér og það var gaman í tímum hjá honum. Heimir heitinn Þorleifsson kenndi mér sögu og reyndist mér vel. Ég náði að finna mig í sögunni og það var mikið happ vegna þess að ég var farinn að hugsa um að mér þætti ekki gaman að neinu í skólanum. Sagan bjargaði mér frá þeim hremmingum. Af því að ég hafði áhuga á samtímanum datt ég inn í Gettu betur og við vorum þar í liði MR saman ég og Ólafur Þ. Stephensen, síðar blaðamaður og ritstjóri, og Jón Gunnar Jónsson, Nóni, sem dvaldi lengi erlendis við störf í fjármálageiranum en er nú kominn heim og er yfir Bankasýslu ríkisins. Við þremmenningarnir áttum sögulegt en stutt tímabil í Gettu betur. Við lögðum Fjölbrau­taskólann við Ármúla að velli í keppni í útvarpinu og mættum svo Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í sjónvarpinu en töpuðum fyrir þeim Breiðhylltingum sem fóru síðan áfram og urðu meistarar það árið. Þetta var ekki alveg eftir forskriftin­ni. Flestir bjuggust við að MR hefði betur á móti FB en þar voru miklir kappar, Kjartan Ólafsson og banka­mennirnir tveir hjá Kaupþingi seinna meir, Ármann Þorvaldsson og Bjarki Diego. Þeir voru bara svo

sérlega klárir og flottir og lögðu okkur. Þetta var gaman og auðvitað tókum við þessum ósigri. Ég man að ég var í enskutíma hjá Guðna rektor morguninn eftir og hann hafði þann sið að ganga á línuna og taka mann upp og spyrja út úr. Hann sagði þennan morgun að hann myndi sleppa mér því að ég hefði sýnt alþjóð það í gærkvöldi að ég kynni ekki neitt en glotti vinalega um leið. Ég kunni að meta nafna minn og hann reyndist mér líka vel. Ég hafði kynnst honum áður því ég hafði oft komið á ken­narastofuna með föður mínum. Þangað var mjög gaman að fara með pabba. Ég man til dæmis eftir því að við tókum skák feðgarnir og þá dreif að Vilmund heitinn Gylfa­son. Hann kenndi sögu við MR og hjálpaði mér að klára skákina. Ég man hvað hann sýndi mér barninu einlægan áhuga. Hann hefði getað orðið góður sagnfræðingur hefði leið hans ekki legið í stjórnmálin.“

Penninn, Ríkisútvarpið og Alþingi

Guðni segir að í MR hafi ævis­tarfið eiginlega komið fram. „Svo kom að því að maður útskrifaðist með góða einkunn í sögu og náði að toga meðaleinkunnina upp í sex komma sjötíu og eitthvað. Þarna sá ég framtíðarstarfið í hyllingum, að kenna og skrifa sögu. Leið mín var samt dálítið skrykkjótt. Ég hóf nám í sagnfræði við Háskóla

SKATAN ER KOMIN!

- HARÐFISKUR
- SALTFISKUR
- STÓRIR HUMARHALAR
- SKELFLÉTTUR HUMAR



NESVEGUR 100 • SÍMAR 562-1070, 896-4243
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10 - 18:30

Íslands strax að loknu stúdentsprófi haustið 1987 en fann mig ekki alveg í því. Ég hafði mestan áhuga á samtímasögu en maður var skikkaður í að hefja leikinn í fornöld. Það átti ekki við mig og svo var maður búinn að finna til einhvers námsleiða en kannski var það bara leti. Mig langaði líka að fara utan. Ég hætti því snarlega náminu hér heima og fór að vinna. Ég var að vinna á premur stöðum þann vetur. Vann hjá Pennanum um tíma. Var svo á næturvöktum hjá fréttastofu Ríkisútvarpsins og fékk líka vinnu í skjalageymslum Alþingis. Allt voru þetta ólík störf en gefandi og þarna náði ég að safna nokkrum peningum. Mig langaði að fara til Bretlands til náms og það kostar sitt. Námslán dugðu ekki til svo mamma hjálpaði mér meira en orð fá lýst.“

Góður grunnur að starfa hjá RÚV

„Til að gera langa sögu stutta fór ég haustið eftir – haustið 1988 – til Bretlands í sagnfræði og stjórnmálafræði í Warwick á Englandi. Ég var aðeins þyrjaður að vinna hjá Ríkisútvarpinu og næstu árin var ég þar við störf í sumarfríum og það var góður grunnur fyrir sagnfræðirannsóknir og skrif. Þar lærðist manni að koma strax að kjarna málsins og maður naut þess að æfa sig í textaskrifum á íslensku. Þarna voru málarsráðunautar og reyndir fréttamenn sem sögðu manni til verka og ég hef alltaf haldið því fram að ég hafi lært nánast eins mikið í fréttamenskunni og í náminu. En auðvitað er það bara reynslan sem kennir manni og þjálfar í þessu.“

Hraðferð í skóla lífsins

Guðni var við nám í Bretlandi frá 1988 til 1991 þar sem hann lauk BA prófi. Þá var ætlun hans að fara í meistaranám í Þýskalandi og hann hélt til Bonn þeirra erinda. En hann fann sig ekki þar. „Það var ekki síst vegna þess að þá um sumarið hafði ég kynnst stelpu sem síðar varð konan mín um tíma og heitir Elín Haraldsdóttir þannig að ég kom bara heim. Við Ella keyptum íbúð 1992, trúlofuðum okkur 1993, eignuðumst dóttur 1994, giftum okkur 1995 og skildum svo 1996. Við getum hent gaman að þessu í dag og okkur Ellu kemur mjög vel saman þótt þetta hafi farið á þennan veg á tíunda áratugnum. Hún er núna mikil listakona og er með aðstöðu í Skúmaskoti á Laugaveginum en Rut dóttir okkar er í háskólanum, eldklár og flott í alla staði. En eftir þessa hraðferð í skóla lífsins breyttust forsendur og áform. Árið 1997 lauk ég meistaranámi í sagnfræði við Háskóla Íslands og haustið 1988 hóf ég doktorsnám í sagnfræði í Bretlandi. Fyrst var ég í Oxford og þar kynntist ég eiginkonu minni, Elizu Reid. Eliza er frá Ottawa í Kanada og lauk meistaranámi í samtímasögu ytra.“

Hesthús í Hampshire

„Ég fékk svo finasta námsstyrk hjá Queen Mary sem er við University of London og Eliza fór að vinna úti. Við bjuggum hér og þar í suðurhluta Englands. Minnisstæðast er að einn veturinn tókum við á leigu uppert hesthús í Hampshire sem breytt hafði verið í mannabústað. Þetta var afskaplega þægilegur staður, gott að fara í göngutúra en líka stutt á pöbbinn sem er sterkur þáttur í félagslífi Englendinga.“ Guðni segir að sér hafi alltaf liðið vel í Bretlandi. Segir Breta mikið sómafólk og mjög þægilegt sé að vera þar í námi. „Það er ef til vill erfiðara að búa þar með fjölskyldu nema að vera því efnaðri. Það kostar sitt að vera með börn í skóla í Englandi ef velja á góðu skólana. „En svo lá leiðin heim og Eliza var alveg til í að flytja hingað. Hún hefur mjög gaman af ferðalögum og langaði til að skoða heiminn aðeins áður og lagðist í mikla reisu. Hún tók Síberíuhraðlestina allt austur til

Mongólíu og þaðan til Suðaustur Asíu og ferðin tók eina þrjá mánuði. Hún hefur einnig farið um Vestur-Afríku og á örugglega eftir að leggjast í fleiri ferðalög þegar aðstæður verða til.“

Lítið sætt hús við Lágholtsveg

„Við fluttum svo hingað heim. Leigðum til að byrja með litla en notalega íbúð við Hringbraut. Síðan keyptum við ögn stærri íbúð við Hverfisgötu þar sem við vorum í tæp tvö ár eða þar til að við sáum til sölu þetta litla sæta einbýlishús við Lágholtsveginn á Bráðræðisholtinu og keyptum það 2005. Húsið stóð þá í skugga gömlu Lýsisverksmiðjunnar en hún var rifin þá um sumarið og vikurnar á eftir lá lýsislyktin yfir. Þarna höfum við verið síðan sem er að verða áratugur og á þessum tíma höfum við orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að eignast fjögur hress og kát börn. Fyrstur í heiminn kom Duncan Tindur fæddur 2007, Donald Gunnar fæddur 2009, Sæþór Peter 2011 og Edda Margrét Reid, fædd 2013. Þetta er því allt í föstum skorðum hjá okkur en ég hef engar fréttir af 2015 enn sem komið er. Af þessu sést samt að maður verður að fara að hugsa sér til

hreyfings, við förum að sprengja litla húsið utan af okkur.“ Guðni er inntur eftir hvort hann myndi geta hugsað sér að flytja í nýbygginguna við Héðinsgötuna með útsýni yfir höfnina. Hann dregur það í efa. „Þannig er að þegar maður er búinn að vera í sérbýli getur verið erfitt að flytja í sambýli þótt maður hafi búið þannig á nám-sárunum og þekki bæði kosti þess og galla. Maður hefur stundum sagt í gríni og það verður að takast sem grín að við sem olumst upp á Arnarnesinu búum ekki í blokkum. En að því sögðu þá er það rétt að á Arnarnesinu búa mikið til þeir sem hafa fé á milli handanna. Engu að síður hefur byggðin þar verið blandaðri en margir halda. Mamma besta vinar míns í götunni vann hjá póstinum og pabbi hans var bifvélavirki, og mínir foreldrar voru kennarar með þokkaleg laun en ekkert meira. Maður fær alltaf á tilfinninguna að fólk haldi að maður sé kominn af einhverjum milljónamæringum fyrst maður ólst upp á Arnarnesinu.“

Rithöfundabúðir

Guðni vikur talinu að eiginkonu sinni og segir Vesturbæinn henta henni ágætlega. „Eliza er núna sjálfstætt starfandi. Hún stofnaði meðal

annars fyrirtæki sem mér finnst mikið þjóðþrífafyrirbæri. Það heitir Iceland Writers Retreat og eru einskonar rithöfundabúðir. Fyrsti viðburðurinn var fyrr í ár og tókst afar vel. Þekktir erlendir höfundar komu þá hingað og leiðbeindu fólki sem er með bók í maganum eða hefur bara áhuga á að bæta sig í skrifunum. Næsta vor koma Barbara Kingsolver, Ruth Reichl og fleiri, og Sjón verður líka í hópnum. Um leið fær fólk að kynnst íslenskum menningararfi. Þetta er því menningartengd ferðapjónusta eins og hún gerist best. Eliza hefur þetta að aðalstarfi og ritstýrir líka tímariti Icelandair sem er um borð í flugvélum fyrirtækisins. Hún er alveg mögnuð, talar vel íslensku og það er ekkert grín að hasla sér völl sem útlendingur á Íslandi. Bara það að heita erlendu nafni og tala með smá hreim getur truflað fólk, því miður.“

Eggert Claessen og Einar Oddur

Talinu vikur að verkefnum Guðna sjálfs og því sem hann er að fást við þessa dagana. „Frá árinu 2013 hef ég verið í föstu starfi við Háskóla Íslands þar sem ég hef sinnt kennslu og rannsóknunum. Mér finnst skemmtilegast


að skrifa hnausþykkan bækur, ævisögur eða bækur sem snúast um samtímasögu að einhverju leyti. Þangað leitar hugurinn en kennslan er tímafrek og allt sem að háskólastarfi lýtur, bæði fundir og ýmis skipulagsstörf. Svo er ég líka í forsvari fyrir Sögufélag sem tekur sinn tíma. Stundum saknar maður þess að geta ekki einbeitt sér að bókaskrifum eins og ég gat gert að talsverðu leyti árin á undan. Mig langar til þess að skrifa og er með ævisögu í smíðum. Ég er að skrifa sögu Eggerts Claessens. Hann sat á Reynistað, óðali sínu í Skerjafirði sem telst víst til Vesturbæjarins í dag. Ég er líka með aðrar ævisögur á prjónunum og ætla meðal annars að skrá sögu Einar Odds Kristjánssonar bjargvættarins frá Flateyri. Þar fyrir utan eru fleiri verk í bígerð og þar ber kannski hæst sögu þorskastríðanna. Ég hef skrifað um þau áður en langar til þess að segja þá sögu betur – skrifa bækur sem taka betur á tilteknum þáttum þeirra átaka. Alveg frá því að ég var á Englandi hef ég verið að safna í sarpinn Safna skjölum hér og þar. Ég hef rætt við freigátukapteina og togarajaxla, varðskipsmenn og fleiri og hlakka mikið til að geta púslað þessu öllu saman í læsilegt og fróðlegt rit.“

Framhald á bls. 6.

Heilsa er gjöf sem gleður

Full búð af lífrænni næringu, snyrtivörum og nuddolíum. Íslensk armbönd og hálsmen. Gjafapakknningar.

JÓLA
TILBOÐ



Í BOÐI HÚSSINS

Desember glaðningur fyrir viðskiptavinum: Grænn orkudrykkur.

græn heilsa
heilsa til framtíðar

Heilsuráðgjöf og heilsumælingar. Opíð 10-18, virka daga - Ægisíða 121 - Sími: 551 1717

Framhald af bls. 5.

Guðni segir að nú sé komin hæfilega fjarlægð á þorskastríðin sem skipti máli þegar um sagnfræðilegar rannsóknar er að ræða. „Eitt af því er að skjöl eru oft ekki aðgengileg fyrr en 30 árum eftir að atburðir hafa átt sér stað og öldur tekið að lægja svo maður noti sjómannsmál. Þegar frá líður sjá menn hlutina oft í aðeins öðru ljósi. Þetta hófum við séð í því hvernig við lítum sjálfstæðisbaráttuna og sambandið við Dani öðrum augum þegar nokkur tími er liðinn og það er ef til vill einnig tímabært að líta þorskastríðin öðrum augun en við gerðum á sínum tíma. En vissulega var þetta harður slagur og ég hef átt mjög gott samband við þá sem voru í eldlinunni hér heima. Guðmundur heitinn Kjærnested náfrændi minn reyndist mér afar vel. Hann var reiðubúinn að svara öllum spurningum og við göntuðumst einhverju sinni með að við sagnfræðingarnir væri betri að skrá söguna en þeir sem stóðu í eldlinunni miðri. Við gætum hins vegar þakkað fyrir að það voru ekki sagnfræðingar sem voru í fararbroddi í þorskastríðunum því þá hefðum við örugglega ekki unnið þau. Okkur sem fáumst við sagnfræðirannsóknir er uppálagt að skilja sjónarmið allra sem í átökum standa en það er kannski ekki gott veganesi fyrir skipherra á varðskipi sem er að fara að kljást við andstæðinga á hafi úti. Sagnfræðin og herfræðin eiga ekki alltaf samleið og kannski aldrei.“

Svartsýni á mannlegt eðli og samfélagið

Hrunið sem varð hér á landi 2008 berst í tal en Guðni hefur þegar skrifað bók um það. Hann segir hið sama gilda um það og þorskastríðin þegar kemur að sagnfræðinni. Þegar frá líði fái menn aðra sýn og fleiri upplýsingar muni koma fram líkt og í öðrum málum. Hann segir að vissulega þurfi að skrifa áfram um þessa atburði svo fyrirferðamiklir sem þeir voru í okkar samfélagi og ollu svo miklum skaða. „Skoðanir manna á aðdraganda hrunsins, orsökum þess og persónum og leikendum í því öllu munu breytast í tímans rás. Það gerist alltaf með örlagaríka atburði í sögu þjóðar. Það var að vissu leyti gaman að skrifa bókina um hrunið. Þetta var svo mikill hasar. Maður skrifaði kalla að kvöldi en þurfti svo að henda honum í ruslið að morgni þar sem nýjar upplýsingar höfðu bæst við sem breyttu sýn á viðfangsefnið. Hrunið fyllti mann um leið svartsýni

bæði á mannlegt eðli og samfélagið. Það var svo margt sem fór úrskeiðis. Menn fylltust oflæti og drambi. Efnishyggjan varð of mikil og lífsgæðakap-phlaupið varð of stíft, finnst mér að minnsta kosti. Að því sögðu varð hrunið fyrst og fremst vegna þess að bankarnir uxu of hratt og of mikið. Það gerðist þó ekki af sjálfu sér. Þeir báru ábyrgð sem létu þá vaxa, stjórndendur, lánardrotnar og eftirlitsaðilar. Við hin þurftum að gjalda þeirra mistaka.“

Stukkum mjög hratt inn í nútímann

Hið mannlega eðli er endalaust viðfangsefni í samfélaginu hvort sem um sagnfræði, önnur fræði eða hið daglega spjall er að ræða. Hernámið og kalda stríðið berst í tal en Guðni hefur skoðað þau mál í tengslum við bókina Óvinir ríkisins. Getur verið að finna megi líkindi með með þeirri efnishyggju sem barst hingað á þeim tíma og því sem varð í aðdraganda hrunsins. „Það breyttist margt í tengslum við hernámið og trúlega fullhratt. Ég hef ekki skoðað hernámið út frá þeim forsendum en það væri alveg þess virði að gera það. Þótt ekki megi alhæfa um þjóðir stukkum við mjög hratt inn í nútímann ef svo má segja. Kannski vorum við Íslendingar eins og unglingur sem kunni ekki alveg nógu vel að fara með nýfengið frelsi.“

Sálrænt átak að verða KR-ingur

Að lokum aftur að Vesturbænum og Guðni segir engan spenning fölginn í að fara hugsanlega þaðan. „Við þurfum að finna okkur stærra húsnaði og staðan í Vesturbænum er þannig að þar er dýrasta húsnaðið að finna. Fjölskyldufólk verður því að horfa víðar en fari svo að við verðum að flytja um lengri veg verður mikil eftirsjá að þessum bæjarhluta þar sem okkur hefur liðið ákaflega vel. Til dæmis er mjög þægilegt að geta gengið eða hjólað nánast hvert sem maður þarf að fara. Þó er það þannig að öll hverfi og byggðarlög hafa sinn sjarma. Fyrir mig Stjórnumanninn var nokkurt sálrænt átak að gerast KR-ingur en um leið og börnin fóru að æfa þá gerðist það sjálfkrafa. Ég er uppallinn í Stjórnunni og hef sterkar taugar til míns gamla félags. Ég hitti gamlan féлага minn á dögnum sem vissi ekki að ég byggji í Vesturbænum og fannst ég hafa farið úr óskunni í eldinn að leggja lag mitt við KR. En maður styður alltaf félag barnanna sinna.“

Íbúðarhús í stað skemmu við Norðurstíg



Teikning THG Arkitekta af hinu fyrirhugaða húsi.

Sótt hefur verið um leyfi til þess að byggja fjögurra hæða steinsteyppt hús við Norðurstíg 5í Vesturbæ Reykjavíkur en þar stendur nú lítil skemma sem fyrirhugað er að rífa.

Það er A 16 fasteignafélag ehf., sem er eigu Karls Steingríms-sonar fjárfestis, sem er gjarnan kenndur við Pelsinn, sem hefur

sótt um byggingaleyfið en gert er ráð fyrir að húsið muni rísa suður af húsi Alliance Francaise en fyrirtæki í eigu Karls endurbyggði í það sem næst upprunalegri mynd á sínum tíma. Fjölbýlishúsið verður með fimm íbúðum og innbyggðum tveggja stæða bílskúr.

Jólaveisla Grillsins hefst 20. nóvember og stendur til 31. desember.

Þjóðum upp á þriggja, fjögurra og sjö rétta matseðla með íslensku lostæti í háttíðarbúningi.

Framúrskarandi hráefni, metnaðarfullir matreiðslumenn og úrvals-þjónusta gera Grillið að veitingastað á heimsmælikvarða.

Upplifðu bragðið af jólunum í Grillinu.



Jólasedill

Hreindýrapâté, blóðberg og aðalbláber

Marineruð sild að hætti Grillsins, eggjakrem og vatnakarsi

Graflax, agúrka og sinnep

Tindabikkja, rauðkál og hvítvínssósa

Andabringur af franskri alíönd, svartrót og kryddlegin rifsber

Rauð epli og piparkökur

Sherry trifle, heslihnetur og kirsuberjasorbet

Radisson BLU Hótel Saga | 8. hæð | sími 525 9960 | www.grillid.is

Gleðistund á Astrabarr milli kl. 17.00–18.00

Allir kokteila á seðli, ásamt glasi af húsvíni, hvítu, rauðu, freyðivíni eða bjór á hálfvirði.

Að auki færum við þér eitthvað ómótstæðilegt nasl frá meisturum okkar í eldhúsinu.



JÓLABÆKLINGUR NETTÓ KOMUNDI ÚT!

Bæklingurinn í heild sinni er aðgengilegur á netto.is




NÝTT
KORTATÍMABIL

Tilboðin gilda 11.-17. des 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



Sendum viðskiptavinum okkar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár, með kærri þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Afgreiðslutími um jólin:

24. desember, Aðfangadagur	09.00 - 17.00
25. desember, Jóladagur	12.00 - 17.00
26. desember, Annar í jolum	10.00 - 23.30
31. desember, Gamlársdagur	09.00 - 17.00
1. janúar, nýársdagur	13.00 - 17.00

PÉTURSBÚÐ
Ránargötu 15

www.borgarblod.is

Alltaf eykst lífið á Melunum:

Um 100 manns á opnun Gallerí Vest

Hátt í eitt hundrað manns komu á opnun fyrstu sýningarinnar í nýjum sýningarsal „Gallerí Vest“ í verslunarhúsinu við vestanverðan Hagamelinn. Sýningin ber heitið „Nýtilgangur“ og er það vísað til þess að sýningin er unnin úr notuðum efnivið sem öðlast nýjan tilgang sem grunnur að útfærslu í myndverkum. Það eru Þórey Eypórsdóttir eigandi sýningarsalarins og tengdasonur hennar Magnús Helgason sem renna á vaðið með þessa nýstárlegu sýningu unna úr efnum sem áður hafa verið notuð. Þótt þau eigi sér ólíka ferð um heim myndlistarinnar og ólíkan bakgrunn er hugsunin um endurnýtingu efniviðarins hluti af myndsköpun þeirra beggja. Þótt verkin séu breytileg þá er endurnýtingargrunnurinn sá sem tengir tvo ólíka myndlistarmenn saman.

Vesturbærinn hefur ekki áður átt sýningarsal en með Gallerí Vest mun myndlistarfólki gefast kostur á að koma verkum sínum á framfæri í Vesturbænum. Þessi bæjarhluti er nú að sækja í sig veðrið sem þjónustustaður eins og áður hefur verið vikið að á vettvangi Vesturbæjarblaðsins og nýir hluti í boði. Húsnæðið við Hagamelinn er einnig þekkt af liðlega 40 ára þjónustusögu í þágu Vesturbæinga. Ísbúðin sem Aðalsteinn Bjarnfreðsson, bróðir Aðalheiðar verkálýðsforingja og Magnúsar fréttamanns og margra fleiri systkina opnaði á áttunda áratugnum og lét gamansögur fylgja ísnum varð með tímanum ein vinsælasta ísbúðin í Reykjavík þangað sem fólk ók gjarnan úr öðrum bæjarhlutum. Biðraðirnar við ísbúðina eru löngu þekktar þótt flestir hafi örugglega fengið ísinn sinn afgreiddan að lokum. Sjoppaustanmeginn við ísbúðina, lengi kölluð Vilborgarsjoppa af nágrönnum var gott matarbúr í hádeginu og ekki má gleyma Útfarsfelli sem Bergþór Úlfarsson síðar garðyrkjubóndi í Borgarfirði stofnaði í nýbyggðu húsinu og er þar enn þótt eigendaskipti hafi orðið. Jóhann heitinn Jónsson í Skákprent prentaði lengi Skákblaðið og ýmislegt fleira í hlutanum sem nú hýsir blómabúðina og nú síðast Gallerí Vest. Þorsteini heitnum Þórðarsyni



Unnur Guðjónsdóttir Kínafari og dansari og Sigtryggur R. Eypórs-soni í XCO ræðast við á opnun sýningar í Gallerí Vest.



Fjola Guðrún Sigtryggisdóttir og Eggert Valmundarson verkfræðingar á opnuninni.



Systrabörnin Steinunn Bergsteinsdóttir hönnuðir og Kristján Baldursson tæknifræðingar og jógakennari ræðast við.



Magnús Helgason myndlistarmaður og annar sýnenda og Helgi Magnússon faðir hans við opnunina.

bólstrara sem bjó lengi á fyrstu hæðinni við Kaplaskjólsvæg 31 áföstu verslunarhúsnæðinu líkað stundum misjafnlega við högginn í prentvélinni einkum þegar leið að jolum og jólabækur runnu af prentsléðanum jafnt daga og nætur. Síðar kom bjórinn og þá fengu Vesturbæingar betri þef af hinum nýja drykk en aðrir því fyrsta hreina hverfiskráin í Reykjavík var opnuð þar sem prentvélnar höfðu staðið. Mörgum líkaði þetta vel en breska pubbamenningin stóð ekki traustum fótum á hinu áður bjórlauslausa Íslandi og urðu sumir nokkuð glaðir til veiganna og ollu stundum hávaða á síðkvöldum eða losuðu

sig við áður drukknar veigar fram af stallinum ofan við bílastæði borgaranna við Kaplaskjólsvæg 27 til 31. Hauknum var lokað og þá komu blómabúðin sem er þar enn og brauðbúð þar sem Gallerí Vest er nú til húsa.

Sýningin í Gallerí Vest stendur fram yfir miðjan janúar en ætlunin er að vera með sýningar að staðaldrí í sýningarsalnum. Einnig stendur til að efna til jógaiðkana fyrir heldri borgara í salnum á nýju ári og mun Kristján Baldursson eiginmaður Þóreyjar, tæknifræðingur og jógakennari standa að þeim. Alltaf eykst lífið á Hagamelnum og á miðjunni á Melunum.


ÞÚ VERÐUR AÐ LESA ÞESSAR!




Kafbátahernaður seinni heimsstyrjaldarinnar er í hámarki og hinn þýski Günther Prien fer mikinn. Mögnuð bók úr smíðju metsöluhöfundarins Magnúsar Þórs Hafsteinssonar.




Bráðsmellnar sögur af skemmtilegum Skagfirðingum sem koma öllum í gott skap.



Mataruppskriftir frá landi mjólkur og hunangs. Hólar og syndsamlega góðar.



Viðtalsbók við hreindýraskyttur þar sem hvert ævintýrið rekur annað.



Sagnameistarin Sigurður dýralæknir fer hér á kostum og hrífur alla með sér.

BÓKAÚTGAFAFAN HÓLAR
holabok.is • holar@holabok.is

LANGGAR ÞIG TIL ORLANDO



KAUPTU 1KG ÖSKJU
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
FERÐ FYRIR 4*

Merktu kassakvittunina og sendu hana til Nóa Sírús, Hesthálsi 2-4, 110 Reykjavík
eða taktu mynd af kvittuninni og sendu á konfektleikur@noi.is.

*Fjórir vinna ferð fyrir 2 fullorðna og 2 börn.

DREGIÐ ALLA SUNNUDAGA Á AÐVENTUNNI

30. nóvember:
ORLANDO
FERÐ FYRIR 4

7. desember:
ORLANDO
FERÐ FYRIR 4

14. desember:
ORLANDO
FERÐ FYRIR 4

21. desember:
ORLANDO
FERÐ FYRIR 4



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Nóa konfekt er QPP framleitt. QPP (Quality Partner Program) gerir kakóræktendum kleift að rækta og framleiða kakóíð á sjálfbæran og ábyrgan hátt. QPP ferlið tryggir fræðslu til kakóbænda varðandi ræktunaraðferðir sem og aðbúnað starfsfólks sem gerir þeim kleift að auka framleiðni sína á ábyrgan hátt. Auk þess kemur QPP að fræðslumálum, heilsugæslu og aðgengi að hreinu vatni í kakóræktarsamfélagum og stuðlar þannig að betri lífsskilyrðum þeirra sem þar búa.

NÓA
Konfekt



Gamla bíó býður á barnaball
» Sun. 14. des kl. 13.00 og 16.00

X-mas, styrktartónleikar X977
» Þri. 16. des kl. 20.00

Útskriftarsýning Danslistarskóla JSB
» Mið. 17. des kl. 19.30

Útgáfutónleikar AmabAdamA
» Fim. 18. des kl. 22.00

Skötuveisla með Andreu Gylfa
» Þorláksmessa - 23. des kl. 11.30

Jólaball með Bó&Co
» Fös. 26. des kl. 23.00

Nýárs gala kvöld í Gamla bíó
» Fim. 1. jan 2015 kl. 18.00

Miðasala og nánari upplýsingar á midi.is og í Gamla bíó 2 klst. fyrir sýningar s: 563 4000

Nú færðu
fríar litaprufur
við val á nyrri málningu





Slippfélagið
Málningarvörur

Borgartún 22 | Dugguvogur 4
Dalshraun 11 | Furuvellir 7, Akureyri
www.slippfelagid.is

Að hámarki 3 prufur á mann

Norðvesturbrautin 06/26:

Lítið notuð en gæti orðið aðalflugbraut

Nothæfisstuðull Reykjavíkurflugvallar út frá viðmiðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) yrði 97% án flugbrautar 06/24 eða „neyðarbrautarinnar eins og suðvesturbrautin. Þetta kemur fram í annarri tveggja skýrslu sem verkfræðistofan EFLA hefur lokið við að vinna um Reykjavíkurflugvöll fyrir Ísavia. Önnur skýrslan var unnin á grundvelli tilmæla ICAO sem fyrst og fremst eru hugsuð sem viðmið við valkostgreiningu á nýjum flugvöllum. Í öðru lagi var unnin skýrsla um nothæfistíma fyrir flugvélar af gerðinni Fokker 50 og Beechcraft King Air 200 sem notaðar eru í reglubundnu áætlunar- og sjúkraflugi á Reykjavíkurflugvelli.

Þetta eru umfangsmestu skýrslur sem gerðar hafa verið um notkun Reykjavíkurflugvallar og voru unnar í kjölfar athugasemda Samgöngustofu við drög að áhættumati Ísavia sem unnið var í kjölfar óska innanríkisráðherra um að Ísavia hæfi undirbúning að lokun flugbrautarinnar. Gögnin sem stuðst er við eru umfangsmeiri og nákvæmari en í fyrri skýrslum og munar þar mestu um að fyrir tæpum áratug var komið upp fjórum vindmælum við flugbrautirnar sem eykur verulega nákvæmni mælinga auk þess sem vindhraði og stefna skráist á 15 sekúndna fresti.

Getur suðvesturbrautin orðið önnur af aðalflugbrautum Reykjavíkurflugvallar

Skoðanir eru mjög skiptar um notagildi suðvesturbrautarinnar. Hörður Guðmundsson flugrekandi og flugmaður á Ísafirði er einn reyndasti sjúkraflutningamaður landsins telur glapræði að loka minnstu braut Reykjavíkurflugvallar þótt skýrslur sýni að brautin sé ekki mikið notuð. Hún gegni mikilvægu hlutverki sem



Mikið einka- og kennsluflug fer fram um Reykjavíkurflugvöll. Með hugmyndum Ómars Ragnarssonar þyrfti það ekki að vikja af vellinum. Á myndinni er 10 ára stúlka Hildur Ana Eyþórsdóttir að bjóða bekkjarsystur sínum og vinkonum þeim, Rakel Önnu og Ingu Lind í flugferð á afmælisdaginn. Með þeim er Magnús Rósmar Sigtryggsson flugstjóri hjá Iceland Air og frændi Hildar Önu.

varabraut og jafn vitlaust sé að loka henni og að spenna á sig bílbelti eftir að slys hefur átt sér stað. Annar reyndur flugmaður Ómar Ragnarsson telur að brautin geti orðið önnur af aðal flugbrautum Reykjavíkurflugvallar með nokkrum breytingum og lengingu út í Skerjafjörð og með því mætti loka stóru norður suður brautinni. Í viðtali við Vesturbæjarblaðið á liðnu vori sagði Ómar meðal annars að persónulega teldi hann kost á að halda öllum flugbrautum þremur en einnig líta svo á að finna verði leið sem sameinað getur sjónarmið þeirra sem vilja byggja á öllu flugvallarsvæðinu og hinna sem vilja halda flugstarfseminni áfram að mestu í óbreyttu formi. Ómar benti á að hvassviðrasamt gæti verið í Reykjavík og flugbraut í þá stefnu sem suðvesturbrautin er geti því verið nauðsynleg. Hann setti fram þá hugmynd að endurgera mætti brautina og lengja hana nokkuð og þannig gæti hún þjónað öllu flugi úr norðri og suðri þannig að leggja mætti stóru norður

suðurbrautina niður og losa þannig mikið landrými til annarrar notkunar án þess að skerða notkunarmöguleika Reykjavíkurflugvallar að að neinu leyti. Þessi athyglisverða hugmynd Ómars virðist ekki hafa verið mikið rædd í þeim skoðanaskiptum sem nú eiga sér stað um flugvöllinn.

Sambærileg flugbraut í Keflavík myndi ekki vega upp áhættuna

Sigurður Ingi Jónsson, fyrrverandi forseti Flugmálafélags Íslands sagði í Morgunblaðinu nýverið að nýtt áhættumat Ísavia á áhrifum þess að loka NA-SV-brautinni á Reykjavíkurflugvelli undirstrikar að við það dregur úr flugöryggi. Niðurstaðan væri sú að myndast myndi hætta samfara því að loka þessari flugbraut sem ekki yrði unnin upp með neinum mótvægisáðgerðum. Þótt opnuð verði sambærileg flugbraut í Keflavík myndi það ekki vega upp alla áhættuna sem skapast við það að loka neyðarbrautinni.

Lýður Björnsson

Ýmislegt frá fyrri tímum

Þættir úr verkum sagnfræðings



Lýður Björnsson
Ýmislegt frá fyrri tímum
Þættir úr verkum sagnfræðings

Lýður Björnsson, sagnfræðingur, þarf ekki að kynna fyrir þeim sem unna svokölluðum þjóðlegum fróðleik og sögu íslensku þjóðarinnar. Höfundarverk hans er ótrúlegt að vöxtum. Kennir þar ýmissa grasa.

Í tilefni af áttæðisafmæli Lýðs er það Vestfirski forlaginu mikill heiður að gefa út valið efni frá ýmsum tímum eftir þennan vestfirski eljumann. En hér verður auðvitað að stikla á stóru. Við bendum sérstaklega á hinar skemmtilegu greinar um sögu verslunar í Reykjavík. eru þær drjúgur hluti bókarinnar og bera höfundu sínum og ritfærni hans gott vitni.

Vestfirski forlagið

Fæst í bókaverslunum um allt land



Tengjum inn á við
og hvert við
annað!



LÍFRÆNN & SMART

Vandaður jóga/þæginda/
hversdags/sparifatnaður
úr lífrænni, sterkri
"Fair Trade" bómull.

Ómótstæðilegur alla leið.



SLÖKUN Í PYNGDARLEYSI

Gefandi og skerpir
sköpunargáfuna.

Flotahetta og fótaflot:
17.900 kr.



BAGGU – LUNGNAMJÚKT LEÐUR

Gamaldags sýtunaraðferð.
Umhverfissvænni en
almennt tíðkast.

SVARTAR, MAHÓNÍ,
RAUÐAR, TÚRKÍS OG SILFUR.



MANDUKA ERU TAJ MAHAL JÓGADÝNANNA

6. teg og úrval fylgihluta:

Jógadýnur
Jógaþöskur
Jógahandklæði
Jógakubbar
Jógapúðar
Jógabönd
Jólaskapið

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8 - 18
Laugardagar 10 - 16

Vort góða brauð
180 ár
1834-2014

Bernhöftsbakari er handverksbakari
og Konditori og þar starfa eingöngu
fagmenn við baksturinn.
Aðeins besta hráefnið er nógu gott.
Góð brauð – góð heilsa.

BERNHÖFTSBAKARÍ
STOFNAD 1834
KONDITORI

Bernhöftsbakarí ehf. | Bergstaðarstræti 13 | 101 Reykjavík | Sími 551 3083 | Fax 551 3088 | info@bernhoftsbakari.is

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Munið að panta tímalega fyrir jólin.

Hlynur, Sara, Anna og Edda

Stofa fyrir alla fjölskylduna.

Næg bílastæði



Helgihald í Neskirkju um jól og áramót

14. desember - þriðji sunnudagur í aðventu

Ljósamessa og barnastarf kl. 11.00. Sameiginlegt upphaf. Fermingarbörn lesa, leiða bænagjörð og tendra ljós. Stúlnakórinn syngur. Félagar úr Kór Neskirkju leiða safnaðarsöng. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Sigurvin Lárus Jónsson prédikar og þjónar fyrir altari. Söngur, sögur, brúður, leikir og gleði í barnastarfinu. Umsjón Andrea, Katrín og Ari. Seld verða kerti fyrir Hjalparstarf kirkjunnar eftir messu. Samfélag og kaffisopi á Torginu.

17. desember – miðvikudagur

Aðventukvöld kl. 20.00 Kór Neskirkju, Barna- og Stúlnakór Neskirkju og Hljómur, kór eldri borgara syngja. Stjórnendur Steingrímur Þórhallsson og Jóhanna Halldórsdóttir.

21. desember - fjórði sunnudagur í aðventu

Messa og barnastarf kl. 11.00. Sameiginlegt upphaf. Félagar úr Kór Neskirkju leiða safnaðarsöng. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson prédikar og þjónar fyrir altari. Söngur, sögur, brúður, leikir og gleði í barnastarfinu. Umsjón Sigurvin, Andrea, Katrín og Ari. Samfélag og kaffisopi á Torginu eftir messu.

24. desember - aðfangadagur

Jólastund barnanna kl. 16.00 Umsjón með stundinni hafa starfsmenn barnastarfsins. Barna- og Stúlnakór Neskirkju syngja. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur sr. Sigurvin Lárus Jónsson.

Aftansöngur kl. 18.00 Trompet Steinar Kristinsson. Einsöngur Hrólfur Sæmundsson. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Sigurvin Lárus Jónsson prédikar og þjónar fyrir altari.

Sálmasöngvar á jölanótt - miðnæturguðspjónusta kl. 23.30 Undir leiðsögn Háskólakórsins verða jólasálmarnir sungnir og vonartextar Biblíunnar lesnir skv. hinni anglikönsku Caroll-hefð. Organisti og stjórnandi kórs Gunnsteinn Ólafsson. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson þjónar fyrir altari og prédikar.

25. desember - jóladagur

Hátíðarmessa kl. 14.00 Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Hátíðarsöngvar sungnir. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson prédikar og þjónar fyrir altari.

26. desember - annar í jólum

Jólaskemmtun barnastarfsins kl. 11.00. Sögd verður saga og söngvar sungnir. Gengið verður í kringum jólatré og gestir koma í heimsókn.

Hátíðarguðspjónusta kl. 14.00. Hljómur, kór eldri borgara syngur. Stjórnandi og organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Sigurvin Lárus Jónsson prédikar og þjónar fyrir altari. Eftir guðspjónustu verður jólasamvera og hátíðarkaffi á Torginu.

28. desember - sunnudagur

Sameiginlegt upphaf. Félagar úr Kór Neskirkju leiða safnaðarsöng. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt. Söngur, sögur, brúður, leikir og gleði í barnastarfinu. Umsjón Sigurvin, Andrea, Katrín og Ari. Samfélag og kaffisopi á Torginu eftir messu.

31. desember - gamlárskvöld

Aftansöngur kl. 18.00. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson prédikar og þjónar fyrir altari.

1. janúar - nýársdagur

Hátíðarmessa kl. 14.00. Einsöngur. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Sigurvin Lárus Jónsson prédikar og þjónar fyrir altari.

Kostir og gallar við þéttingu byggðar

Bjarni Reynarsson skipulagsfræðingur segir bæði kosti og galla við þéttingu byggðar. Hann telur í ljósi sögunnar að fara verði með gát í að þetta byggð í Reykjavík um of. Dreifbýlismenning sé einkennandi í sögu okkar og annars eðlis en sú menning sem gamlar og þéttar borgir í Evrópu hafi leitt af sér. Þetta eigi bæði við um landrými og opin svæði og einnig um umferðavenjur. Bjarni hefur nú sent frá sér viðamikla bók um borgir og borgarskipulag þar sem hann fjallar um þróun borga á Vesturlöndum – einkum Kaupmannahafnar sem var höfuðborg Íslendinga um aldir og Reykjavíkur. Bjarni settist niður með tíðindamanni á dögunum og ræddi við hann um bókina og einkum þann hluta hennar sem snýr að Reykjavíkurborg og ekki síst að Vesturbænum.

Bjarni segir að íslensk menning sé að stofni til dreifbýlismenning en borgarmenning hafi borist fyrst hingað til lands frá Kaupmannahöfn á seinni hluta 19. aldar. Lengi vel hafi gengið illa að byggja upp höfn og Milljónafélagið í Viðey hafi farið á hausinn svo dæmi sé tekið. Bjarni minnir á að Kaupmannahöfn hafi verið höfuðborg Íslands frá 1416 til 1904 en eftir að Heimastjórnin varð að veruleika 1904 hafi stjórn-sýslutorfa risið austan Arnarhóls. Í framhaldinu hafi fólki fjölgað og útpensla bæjarins hafist. Því hafi meðal annars valdið öflug togaráutgerð og ekki síður iðnbýlting upp úr aldamótum. Ráðist hafi verið í hafnargerð, malbikun gatna og veitukerfi þar sem menntaðir verkfræðingar hafi komið við sögu. Fyrstu íslensku arkitektarnir hafi komið til starfa um þetta leyti og farið hafi verið að huga að hótél- og veitingarekstri til þess að taka á móti erlendum gestum.

Reykjavík byggðist ekki skipulega

En nær nútímanum. Borgin byggðist ekki að því er virðist skipulega. Vesturbærinn byggðist upp frá höfninni. Skipstjórar og aðrir sem tengdust útvegi og siglingum byggðu víð götur ofan hafnarsvæðisins. Önnur byggð óx upp frá Kvosinni vestur yfir Landakotsstúnið og endaði með verkamannabústöðunum við Hringbraut. Svipað sögu má segja af byggðum til austurs. Bjarni tekur undir að skipulag hafi skort og ýmsar aðrar forsendur en skipulagslegar hafi legið til grundvallar byggðapróuninni – ekki síst landfræðilegar. „Bróðir Thors Jensen kom hingað til lands og



Bjarni Reynarsson skipulagsfræðingur.

gerði tillögur um hvernig byggja mætti höfuðborg í lægðum og dölum þar sem væri skjól fyrir vindáttunum en þróunin varð þveröfug. Borgin byggðist meira á hæðum og hólum þar sem grunnt var niður á fastan jarðveg og ekki þurfti að ræsa fram en lægðirnar á milli voru lengi óbyggðar samanber Kringlumýrina sem var óbygg árum saman á meðan byggðin þokaðist austur Múlana og inn í Voga. Verslana- og viðskiptahverfi sem gert hafi verið ráð fyrir að reisa þar tók að rísa í Múlanum og innundir Faxafen áður en skóflu var stundið í jörð í Kringlumýrinni. Ástæðurnar gátu verið fleiri. Ástæða þess hversu lengi dróst að byggja Vesturbæinn áfram vestan við Hringbrautina voru þær að allar lagnir til sjávar lágu í norður. Það þótti of dýrt að leggja í kostnað við nýjar lagnir út í Skerjafjörðinn og því var byggðinni beint í aðrar áttir. Þannig réðu ýmis önnur sjónarmið oft meiru en skipulagssjónarmið.“ Bjarni segir að með tilkomu Breiðholtsins á sjöunda og áttunda áratugnum hafi verið gripið til nýrra hugmynda. „Breiðholtið var ný byggð og skipulögð frá grunni án tengsla við eldri byggðir. Í skipulagi þess var get ráð fyrir atvinnu- og þjónustulöðum innan byggðarinnar og að ekki yrði um stóran svefnbæ að ræða. Staðreyndin er hins vegar sú að þegar byggðin reis vildu margir íbúanna ýta atvinnustarfsemi út fyrir íbúðabyggðina. Töldu hana ekki eiga samleið með henni. Þannig féll eitt og annað út úr skipulaginu er gerði hverfið einsleitnara. En þarna

kom ákveðinn vilji íbúanna glögg fram.“

Spurning um hversu mikil þéttingin á að vera

Talið berst að þéttingu byggðar sem hófst um eða upp úr 1970 en varð ekki mjög áberandi í umræðunni fyrr en nú þegar gert er ráð fyrir að um 90% nýrra íbúða verði innan núverandi byggðar og aðallega vestan Kringlumýrarbrautar. Er nú loksins verið að snúa af braut hinna dreifðu byggða. Bjarni segir að í ljósi sögunnar sé um umtalsverða breytingu að ræða. Hann kveðst á hinn bóginn hafa áhyggjur af svo mikilli þéttingu og einkum því sem óhjákvæmilega verði fylgifiskur hennar. „Við erum svolítið dreifbýlisfólk í eðli okkar og viljum hafa eitthvert landrými í kringum okkur. Við búum við svolítið önnur viðhorf að því leyti hér á landi en margir Evrópubúar vegna borgarþróunar sem þar átti sér stað en náði aldrei nema að takmörkuðu leyti hingað til lands. Þar á ég við þær þéttu borgir sem víða eru í Evrópu og mótað hafa lífsstíl borgarúanna í gegnum aldir. Við höfum aldrei tileinkaða okkur þann lífsstíl nema að takmörkuðu leyti. Þetta á sér orsakir í fámenninu, landrýminu og eftir hvaða aðstæðum byggðin þróaðist. Við sjáum anga af þessari arfleyfð að í gamla bænum var helst ekki byggt hærra en þrjár hæðir.“ Bjarni segir að í nýlegum íbúakönunum hafi komið fram vaxandi áhugi fólks á að búa í miðbænum. Þetta megi þó ekki verða til þess að hætt verði að huga að nýjum úthverfum með sérbýlum. Alltaf verði til fólk sem vilji búa í sérbýlum utan miðbæjarkjarnanna. Ekki síst fjölskyldufólk sem sé að ala upp börn þótt aðrar orsakir geti að sjálfssögdum einnig komið til greina. Spurningin sé því ekki um hvort eigi að þetta byggðina heldur fyrst og fremst hversu þéttingin eigi að vera mikil og til hvað staða hún eigi að ná. Misljóti íbúðaturnar samrýmist ekki hefðbundnu útleti borgarinnar og eigi því illa heima í skipulagi Reykjavíkur.

Kostir og gallar við þéttingu byggðar

Bjarni segir tímafrekt að taka dýrt land til bygginga og það geti því dregist að koma fólk inn á þessi fyrirhuguðu þéttingarsvæði og þegar það verði þurfi að huga að breyttum samgöngum og kostnaði við þær. Spurningin sé meðal annars hvernig menn ætli að leysa það aukna flæði umferðar sem óhjákvæmilega fylgi þéttingunni. Bjarni telur að Reykjavík eigi eftir að breytast mikið með tilkomu þeirra byggða sem fyrirhugað er að reisa samkvæmt nýju aðalskipulagi. Vonast verði til að allt gangi vel og að ekki verði gengið um of á opin svæði. „Það felast bæði kostir og gallar við þéttingu byggðar og menning okkar er meira í ætt við dreifbýlismenningu en evrópskan borgarþéttleika og þá menningu sem hann elur af sér. Við verðum að horfast í augu við söguna og þá menningu sem hún hefur alið af sér.“

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Audbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Sigurður Árni og Irma Sjöfn í Hallgrímskirkju

Biskup Íslands hefur skipað dr. Sigurð Árna Þórðarson í embætti sóknarprests Hallgrímsprestakalls í Reykjavík og sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur í embætti prests í Hallgrímsprestakalli. Sjö umsækjendur voru um embættin tvö. Embætti sóknarprests veitist frá 1. desember n.k. og embætti prests frá 1. apríl 2015.

Sigurður Árni fæddist á Þorláksmessu, 23. desember, 1953. Hann er sonur hjónanna Svanfríðar Guðnýjar Kristjánsdóttur og Þórðar Halldórssonar, múrarameistara, sem bæði eru látin. Sigurður á eina eldri systur, Kristínu, sem býr í Noregi. Eiginkona Sigurðar Árna er Elín Sigrún Jónsdóttir, lögfræðingur. Irma Sjöfn Óskarsdóttir var verkefnisstjóri Leikmannaskólans á Biskupsstofu. Hún vígðist til prests árið 1988 og starfaði í Seljakirkju frá 1988 til ársins 2001. Irma lagði stund á framhaldsnám í fjölmiðlasiðfræði við Edinborgarháskóla á árunum 1992 til 1993. Hún hefur setið í stjórn Siðfræðistofnunar sem fulltrúi þjóðkirkjunnar frá árinu 1995.



Dr. Sigurður Árni Þórðarson og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.

Jólaorgeltónleikar með þýska orgelleikaranum Christian Schmitt verða í Hallgrímskirkju 12. desember en hann flytur orgelverk eftir Bach, Mendelssohn, úr La Nativité eftir Messiaen o.fl. Þann 14. desember, þriðja sunnudagur í aðventu messa sr. Birgir Ásgeirsson og dr. Sigurður Árni Þórðarson í kirkjunni og Kvennakór Háskóla Íslands syngur undir stjórn Margrétar Bóasdóttur. Organisti verður Hörður Áskelsson. Í hádeginu á 17. desember miðvikudagur verða hádegistónleikar með Schola cantorum í kirkjunni

og stjórnandi og orgelleikari verður Hörður Áskelsson. Á fjórða sunnudegi í aðventu þann 21. desember verður fjölskylduguðsþjónusta í Hallgrímskirkju. Sr. Birgir Ásgeirsson og Inga Harðardóttir annast hana og jólakórinn syngur undir stjórn Helgu Vilborgar Sigurjónsdóttur. Þess má svo geta að alla fimmtudaga verða kyrrðarstundir í Hallgrímskirkju í hádeginu. Organistar kirkjunnar leika á orgelið frá kl. 12 til 12:15. Þá flytja prestar kirkjunnar stutta ihugun og síðan er leikið á orgel til kl. 12:30.

Tilvalin jólagjöf fyrir börn og fullorðna



STÍGVÉLABÚÐIN



F O O T W E A R

Álfabakka 14a í Mjódd
109 Reykjavík • Sími: 527 1519
www.facebook.com/nokianstigvelabudin

Frábær tilboð

Heimsendingartilboð 1

Stór pizza
með 2 áleggsteg.

Stór brauðtangir og sósa eða
lítið hvítlauksbrauð og 2 l. kók

3850 kr.

Heimsendingartilboð 2

Miðstærð pizza
með 2 áleggsteg.

Stór brauðtangir, sósa og 2 l. kók

3200 kr.

Þú sækir tilboð 1

Stór pizza
og stór brauðtangir
og fáðu aðra pizzu sömu
stærðar með

Þú sækir tilboð 2

Stór pizza
með 2 áleggsteg.

1850 kr.

HRÓI HÖTTUR
HRINGBRAUT 119
SÍMI 55 44 444

Við bökkum allar
okkar pizzur í
STEINOFNI

Tilboðin gilda ekki
með öðrum tilboðum.

Frítt söluverðmat.

Reynsla og vönduð vinnubrögð.



Hringdu núna.

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: 897 1533

david@remax.is



Jól og áramót í Hallgrímskirkju

Á aðfangadagjóna 24. desember leikur Björn Steinar Sólbergsson jólatónlist á orgelið frá kl. 17. og jólahátíðin verður hringd inn kl.18.00, en þá hefst aftansöngur. Sr. Birgir Ásgeirson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt dr. Sigurði Árna Þórðarsyni og messuþjónum. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar, kantors. Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

Guðsþjónusta á jólanótt hefst kl. 23.30. Hörður Áskelsson leikur jólatónlist á orgelið frá kl. 23. Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur og messuþjónum. Hörður Áskelsson stýrir Mótettukórnum og leikur á orgelið. Hátíðarguðsþjónusta verður á jóladag kl. 14.00.

Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt messuþjónum. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur. Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

Guðsþjónusta verður á annan jóladag kl. 14.00. Sr. Birgir Ásgeirsson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt messuþjónum. Drengjakórinn syngur undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar. Organisti Hörður Áskelsson.

Sunnudaginn 28. desember verður messað kl.11. Dr. Sigurður Árni Þórðarson, prédikar og þjónar fyrir altari ásamt messuþjónum. Félagar

úr Mótettukórnum syngja. Organisti Björn Steinar Sólbergsson. Sama dag verða jólatónleikar Schola Cantorum kl. 17.00. Einsöngvarar: Thelma Hrönn Sigurþórsdóttir, Fjölur Ólafsson o.fl. Organisti: Björn Steinar Sólbergsson. Stjórnandi Hörður Áskelsson



Á gamlársmorgun verða Hátíðahljómar kl. 17.00. Tónleikar á vegum Listvinafélags Hallgrímskirkju. Hljóðfæraleikarar: Ásgeir H. Steingrímsson, trompet, Eiríkur Örn Pálsson, trompet, Einar St. Jónsson, trompet, og Eggert Pálsson, pákur, og Hörður Áskelsson, orgel. Aftansöngur verður kl. 18.00. Sr. Birgir Ásgeirsson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt dr. Sigurði Árna Þórðarsyni og messuþjónum. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar. Hljóðfæraleikarar Hátíðahljóma leika einnig í messunni.

Hátíðarguðsþjónusta verður á nýársdag kl. 14.00. Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur og messuþjónum. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Björns Steinars Sólbergssonar.

Gamladags jólaball í Gamla bíói

Gamla bíó ætlar ásamt samstarfsaðilum að bjóða yngstu kynslóðina sérstaklega velkomna í Gamla bíó á gamladags jólaball sunnudaginn 14. desember. Þau mega að sjálf-sögu taka mömmur, pabba, afa og ömmur með til þess að gleðjast í kringum glæsilegt jólatré frá Blómavali.

Á barnaballinu verður lifandi tónlist, jólasveinar mæta á

svæðið og sjálfur Ómar Ragnars-son kíkir í heimsókn. Gómsætar veitingar verða í boði, Frón og Malt og Appelsín og hægt verður að fá mynd af sér með jólasveini-num. Barnaböllin verða tvö, kl.13.00 og kl. 16.00 og er frítt inn á meðan húsrúm leyfir. Hér er tilvalið tækifæri til þess að koma og skoða endurgert Gamla bíó.

Hið sögufræga og fallega hús, Gamla bíó, sem áður hýsti

Íslensku óperuna hefur undanfarna mánuði gengið í gegnum umfangsmiklar breytingar. Starfsemin í húsinu er að fara af stað um þessar mundir og verður nóg um að vera í desember. Sem dæmi má nefna danssýningu, útgáfutónleika AmabÁdama, X-mas styrktartónleika, jólaball, gala veislu á Nýárskvöld og ilmandi skótuveislu með Andreu Gylfa á Þorlákssmessu.

Matur og vín:

Jólin nálgast og margur er farinn að hugleiða hvað skal nú hafa í matinn á jólnum. Hjá mörgum er slíkt í föstum skorðum og jafnvel löngu ákveðið hvaða veisluréttur verður á jólaborðinu. Hitt er oft erfiðara hvaða ljúfa vín skal hafa með hátíðarréttinum. Því gerum við bragð úr ellefta boðorðinu í ár og sleppum uppskriftum. Þess í stað leggjum við sérstaka áherslu á hvaða vintegundir passa best með jólamatnum.

HAMBORGARHRYGGUR



Masi Campofiorin – Veneto – Ítalía 2.899 kr.

Kirsuberjarautt. Meðalfylling, ósætt, fersk sýra, mild tannin. Þurrkaðir ávextir, kirsuber, krydd, vanílla.



Rosemount Cabernet / Merlot - Ástralía 2.299 kr.

Rúðinrautt. Létt meðalfylling, þurr, mild sýra, mild tannin. Sælgættiskenndur berjablámi, plóma.

NAUTASTEIK



Piccini Memoro – Ítalía 1.999 kr.

Dökkurúðinrautt. Þétt fylling, þurr, fersk sýra, þroskuð tannin. Sælgættiskenndur berjablámi, vanílla, eik.



Rosemount Shiraz – Ástralía 2.560 kr.

Rúðinrautt. Meðalfylling, ósætt, fersk sýra, mjúk tannin. Brómber, mint, plóma.

VIÐ ERUM SVARTIR, VIÐ ERUM HVÍTIR



OG Í ÖLLUM REGNBOGANS LITUM UM ÁRAMÓTIN.

Ágætu Vesturbæingar

Stöndum saman allir sem einn og
látum ljós okkar skína svo um munar um áramótin!

Flugeldasalan hefst í KR-heimilinu 28. desember.

Jólahugleiðing

... eftir séra Svein Valgeirsson dómkirkjuprest

Varla þarf að kynna hann Matthías Jochumsson fyrir nokkrum manni, þjóðskáldið góða og ástsæla. Einhvern veginn er hann aldrei fjarri þegar skáld ber á góma; kannski er það vegna þess að mörg ljóðabrot hans koma oft ósjálfrátt upp í hugann, brot, sem maður áttar sig ekkert alltaf á hvaðan eru, svo vel tekst honum að koma í orð hugsunum og tilfinningum sem liggja djúpt í mannssálinni. Ástæða þess að ég nefni hann nú, er, að rétt fyrir jól klingja oft í höfði mér hendingarnar “Fullvel man ég fimmtíu ára sól, full-vel meir en hálfrar aldar jól.”

Ég skal nú viðurkenna að sjálfur get ég ekki munað 50 ára jól en í þessari ljóðlínu Matthíasar birtist svo skýrt hvernig við hugsum um tímann; jólin eru að mörgu leyti sá tími ársins sem við munum bezt eftir. Þeim fylgir ákveðinn undirbúningur, og aðdragandi sem nær hámarki á aðfangadegi og jóladag, þ.e. í kringum jólanóttina sjálfa. Og hvort sem það er vegna helginnar sem við finnum að fylgir jólunum eða af einhverju allt öðru, þá verða allar tilfinningar miklu sterkari á jólunum. Góð jól verða góð í minningunni en erfið reynsla á jólunum verður ennþá sáari, vegna þess að jólin eru frátekin fyrir gleði og birtu í sinni. Ekkert má skyggja á þessa gleði. Kannski vegna þess að við vitum hversu rúmt er um jólin í huga okkar; minning jólanna fylgir okkur.

Hebearnir hinir fornu voru einnig nokkuð uppteknir af því að muna, muna atburði sögunnar og gleyma þeim ekki. Í lögmálinu og erfikenningunni er lagt ríkt á við þá t.d. að muna að eitt sinn voru þeir sjálfir þrælur í Egyptalandi og þess vegna eigi þeir að koma vel fram við þá sem höllum fæti standa í tilverunni enda liggur þar guðfræðilegur skilningur, já guðlegt boð á bak við. Ennfremur er alloft talað um það að Guð muni eftir lýð sínum, og það er aldrei tengt því að hann hugsi aðeins fallega til þjóðarinnar, heldur kemur hann þeim beinlínis til hjálpar. Guð minnist til dæmis Nóa og þeirra í örkinni og lætur regnið hætta að falla. Hann minnist ferðalags þjóðarinnar í eyðimörkinni þegar þeir flýðu frá Egyptalandi, og hann minnist þeirra í útlegðinni í Babylon. Alls staðar kemur hann þeim til hjálpar.

Ög enn kemur hann mönnum til hjálpar, einmitt á þeirri hátíð sem við tengjum mest minningunni, hann sendir son sinn í heiminn til mananna, já hann kemur raunar sjálfur, verður hold, á vissan hátt má segja að hann lítillækki sig og verði eitt með sköpuninni til þess að koma henni þ.e. öllum mönnum, til hjálpar. Hann sér erfiðleika mannanna og gleymir þeim ekki, heldur útbýr þeim hjálparráð.

Guð minnist mannsins, og hátíðin sem höldum vegna þessa verður okkur að minningabrunni.

En minningarnar eiga það til að festast í ákveðnu formi sem ekki má breyta; þess vegna er myndin sem við höfum af jólunum í huga okkar frekar stöðluð og er í því sambandi hægt jafnvel hægt að tala um eins konar frummynd jólanna. Þannig á t.d. veðrið í kringum jólin að vera hauglætisveður, logn með hundslapadrífu á aðfangadag en stjörnuþjart og stillt á jólanóttina. Þetta er alveg burtséð frá því að oftar en ekki er veðrið stjörnuvitlaust í stað þess að vera stjörnuþjart; frummynd jólanna er þessi og aðventuna notum við til þess að hlakka til að svo verði. Allir hljóta að sjá að miklu skemmtilegra er að hlakka til þess í fjórar vikur en að verða fyrir vonbrigðum með veðrið í einn sólarhring.

En veðrið er nú bara einn hluti af miklu stærri heild. Öll höfum við alist upp við ákveðna siði á jólum og yfirleitt má mikið ganga á í því sem okkur er sjálfrátt, áður en því

er breytt sem í einhvern tíma hefur viðgengist. Að hlakka til alls þessa veitir einhverja undarlega vellíðunar- og öryggiskennd; messa, maturinn, ættingjarnir, kortin. Allt þetta á sér ákveðinn sess í hjarta okkar og mynda stemmingu sem er alveg einstök. Það er þessi stemming, þessi minning, sem gerir það að verkum, að þegar maður er kannski í útlöndum og það er kvöld og líklega er maður einn og heldur maður geti nú

höndlað flest, en skyndilega heyrir maður heims um ból í útvarpinu eða sungið úti á götu og þá fer maður að gráta. Þetta sagði minn gamli frónskukennari að héti sentimentalitet og það er ágætt. Það er gott að boðskapur jóla og stemmingin í kringum þau tali enn til hjarta mannsins svo hann gerir sér ljóst, að erindi Krists er betra að hafa en missa.

Guð gefi þér uppbyggilega jólaföstu og gleðileg jól.



Séra Sveinn Valgeirsson ásamt Ólöfu Nordal nýskipuðum innanríkisráðherra.

Heilsulindir í Reykjavík

AFGREIÐSLUTÍMI
SUNDSTAÐA
JÓL OG ÁRAMÓT
2014-2015

	Þorláksmessa	Aðfangadagur	Jóladagur	Annar í jólum	Gamlársdagur	Nýársdagur
	23. des	24. des	25. des	26. des	31. des	1. jan *
Árbæjarlaug	06.30-18.00	08.00-12.30	Lokað	12.00-18.00	08.00-12.30	Lokað
Breiðholti-laug	06.30-18.00	08.00-12.30	Lokað	Lokað	08.00-12.30	Lokað
Grafarvogslaug	06.30-18.00	08.00-12.30	Lokað	Lokað	08.00-12.30	Lokað
Klébergslaug	11.00-15.00	10.00-12.30	Lokað	Lokað	10.00-12.30	Lokað
Laugardalslaug	06.30-18.00	08.00-12.30	Lokað	12.00-18.00	08.00-12.30	12.00-18.00
Sundhöllin	06.30-18.00	08.00-12.30	Lokað	Lokað	08.00-12.30	Lokað
Vesturbæjarlaug	06.30-18.00	08.00-12.30	Lokað	Lokað	08.00-12.30	Lokað
Ylströnd	11.00-13.00	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað	11.00-15.00

SUNDKORT
ER GÓÐ
JÓLAGJÖF

Laugarnar í Reykjavík

www.itr.is | sími 411 5000

* Á öðrum dögum er opið samkvæmt hefðbundnum afgreiðslutíma

KRÓNAN

GJAFAKORT KRÓNUNNAR

Jólagjöfin sem nýtist öllum

GJAFAKORT

KRÓNAN




Gjafakort Krónunnar er tilvalin jólagjöf sem nýtist öllum heimilum, stórum jafnt sem smáum.

Þú þarft ekki að gera annað en velja upphæðina, að lágmarki 5.000 kr., og getur verið viss um að gjöfin þín hittir í mark.



**Pantaðu gjafakortið
á kronan.is**



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK
HELGIHALD UM JÓL OG ÁRAMÓT

14. des. sun. kl. 14:00.
Jólatrésskemmtun Fríkirkjunnar í Reykjavík.
Hefst með jólastund í kirkjunni. Síðan haldið upp í Safnaðarheimili og sungið og dansað í kringum jólatréð með jólasveininum. Kaffi og meðlæti fyrir alla.

21. des. sun. kl. 14:00.
Heilunarguðspjónusta á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands, Fríkirkjunnar og Kærleikssetursins.

24. des. mið. kl. 18:00.
Aftansöngur á aðfangadagskvöldi.
Söngkonana **Nathalía Druzin** **Halldórsdóttir** syngur einsöng. Sönghópur Fríkirkjunnar syngur jólin inn og leiðir safnaðarsöng undir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Sr. Hjörtur Magni þjónar fyrir altari.
24. des. mið. kl. 23:30.
Miðnætursamvera á jólanótt.
Páll Óskar og **Monika Abendroth** ásamt strengjasveit.
Sr. Hjörtur Magni talar til viðstaddra. Sönghópur Fríkirkjunnar ásamt Gunnari Gunnarssyni.
Mætið vel tímanlega til að fá góð sæti!

25. des. fim. kl. 14:00.
Hátíðarguðspjónusta á jóladag.
Ljósanna hátíð fagnað með risandi sól.
Egill Ólafsson söngvari syngur og spjallar um tónlistarval sitt. sr. Hjörtur Magni Jóhannsson, Sönghópur Fríkirkjunnar ásamt Gunnari Gunnarssyni.

31. des. mið. kl. 17:00.
Aftansöngur á Gamlárskvöldi.

BÍLAGALLERÍ

Bílasala Vesturbæjar

Löggild bílasala - 20 ára starfsreynsla.

Hagstæð sölulaun og
20 % eldri borgara afsláttur.
Skráðu bílinn frítt
á staðnum,
heimasiðunni eða í síma.
Góð sala - vantar alltaf bíla!

Ásberg Helgi Helgason
Löggiltur bifreiðasali.

Bílagallerí bílasala ■ Fiskislóð 16 ■ 101 Rvk
www.bilagalleri.is ■ Sími 554-6700.

Buðum gestum og gangandi

Félagsmiðstöðvardagurinn var haldinn í Frostaskjólí þann 5. nóvember. Markmiðið með félagsmiðstöðvardeginum er að kynna hverfin og samfélagið fyrir þeirri starfsemi sem að á sér stað í félagsmiðstöðvunum. Dagskrá var á báðum starfseiningum félagsmiðstöðvarinnar þá annarsvegar Tíu12 starfinu og Frosta í Hagaskóla.

Við í Tíu12 buðum gestum og gangandi upp á kleinur og kakó en krakkarnir sáu sjálfir um að undirbúa veitingarnar. Það voru nokkrir vaskir dren-gir sem að höfðu undirbúið spurningarkeppni fyrir daginn og sett saman nokkrar vel valdar spurningar. Gestum var skipt í lið og liðin svöruðu spurningu-num saman. Spurningarnar voru af öllum toga en þar á meðal var spurt hvaða litur léttir á heimþrá, en fyrir forvitna sem komst ekki þá er svarið „ljós grænn“. Þegar spurningakeppni var lokið gripu einhverjir í spil en nokkrar söngmeyjar tóku lagið og er ljóst að það eru upprennandi stórsöngvarar hér



Kleinur og kakó í Tíu 12 á félagsmiðstöðvadayinn.

í Vesturbænum. Það var ótrúlega gaman að fá foreldra á opnun til okkar og sýna þeim hve góður andi er í starfinu.

Kökusleikjónámskeið í Frostaskjólí

Í nóvember voru haldin tvö kökusleikjónám-skeið fyrir börn og foreldra í Frostaskjólí. Upphaflega átti aðeins að halda eitt námskeið en skráning var framar vonum og því ákveðið að bjóða upp á annað námskeið.

Á kökusleikjónámskeiðinu fengu þátttakendur tilsögn í hvernig búa ættið til kökusleikjóa en fyrir þá sem ekki vita þá eru kökusleikjóar eins og sleiki-pinnar nema búnir til úr kökudegi. Það var ótrúlega

gaman að sjá foreldra og börn taka þátt í verkefninu saman og mjög fjölbreyttir og fallegir kökusleikjóar fóru heim með þáttakendum í lok dags. Námskeiðin voru hluti af námskeiðaröð sem að Frostaskjól er búin að standa fyrir nú í haust þar sem markmiðið er að bjóða börnum og foreldrum upp á námskeið til að taka þátt í á viðráðanlegu verði.



Gleðin leynir sér ekki.



Einbeitt í kökuskreytingunum.

Aðventu- og hátíðarmessur í Dómkirkjunni

Dómkirkjan óskar sóknarbörnum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með þakklæti fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

14. desember
kl. 11:00 norsk messa, sr. Hjálmar Jónsson
kl. 14:00 prestsvígsla, Frú Agnes. M. Sigurðardóttir biskup Íslands og Sr. Hjálmar Jónsson
kl. 14:00, Kolaportsmessa
Þorvaldur Halldórsson sér um tónlistina.

21. desember
kl. 11:00, messa sr. Hjálmar Jónsson
kl. 20:00, Æðruleysismessa, séra Karl V. Matthíasson, séra Sveinn Valgeirsson og Fritz Már Jörgensson.

Aðfangadagur jóla, 24. desember
Kl. 15:00, dönsk messa
kl. 18.00, Aftansöngur sr. Sveinn Valgeirsson prédikar og sr. Hjálmar Jónsson þjónar fyrir altari.

kl. 23:30, miðnæturmessa
sr. Karl Sigurbjörnsson biskup prédikar.
Hamrahlíðarkórinn syngur undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur

Jóladagur 25. desember
kl. 11:00, hátíðarmessa biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar sr. Hjálmar jónsson þjónar fyrir altari.

Annar dagur jóla 26. desember
kl. 11:00, sr. Sveinn Valgeirsson prédikar

28. desember
Messa kl. 11:00, sr. Sveinn Valgeirsson prédikar

Gamlársdagur 31. desember
kl. 18.00, Aftansöngur sr. Hjálmar Jónsson prédikar

Nýársdagur 1. janúar
kl. 11, hátíðarmessa Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar. Sr. Hjálmar Jónsson og sr. Sveinn Valgeirsson þjóna fyrir altari.

Dómkórinn syngur við messurnar undir stjórn Kára Þómar dómorganista.
Fjölbreytt tónlistardagskrá á aðventunni, meðal annars jólatónleikar
Dómkórsins 21. desember kl. 22:00 frítt inn.

*Sjá nánar á domkirkjan.is
Verið hjartanlega velkomin.*

Vestfirskir stjórnmálamenn í blíðu og stríðu

Allra næstu daga kemur út bókinn Vestfirskir stjórnmálamenn í blíðu og stríðu. Er það leyninúmer desembermánaðar hjá Vestfirska forlaginu í tilefni af 20 ára afmæli þess. Er hér um að ræða sama tóbak og er í bókinni Vestfirskir sjómenn í blíðu og stríðu: Kímilegar og auðvitað meira og minna sannar alþýðusögur af Vestfirðingum. Þessi bók er að sjálfsögðu gefin út til heiðurs vestfirskum stjórnmálamönnum eins og sjómannabókin er gefin út til heiðurs blessuðum sjómönnum okkar.

Til heiðurs vestfirskum stjórnmálamönnum



Vissir þú að vestfirski stjórnmálamaðurinn Jón Sigurðsson var hrókur alls fagnaðar þegar svo bar við og fór oft með græskulaust gaman?



Þessi bók er einkum ætluð þeim sem hafa gaman af að brosa, hlæja eða jafnvel reka upp rokur einstaka sinnum. Hláturinn lengir lífið!



Vestfirski forlagið
Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is
www.vestfirska.is



9 789935 430533

Vestfirskir stjórnmálamenn í blíðu og stríðu

Alþýðusögur í léttum dúr að vestan

Hallgrímur Sveinsson og Bjarni G. Einarsson tóku saman



Vestfirskir stjórnmálamenn í blíðu og stríðu



Vestfirski forlagið



Vestfirskir sjómenn í blíðu og stríðu

Alþýðusögur í léttum dúr að vestan

Hallgrímur Sveinsson og Bjarni G. Einarsson tóku saman

Vestfirskir sjómenn í blíðu og stríðu



Vestfirski forlagið
Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is
www.vestfirska.is



9 789935 430533



Vestfirski forlagið



Vestfirski forlagið

Upp með Vestfirði!

Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is

www.vestfirska.is

Vestfjarðabækurnar fást í bókaverslunum um land allt.

Þegar sundurlyndið ríkir

Það var á áttunda áratugnum þegar Sverrir Hermannsson var kommissar í Framkvæmdastofnun, að mikil vandræði voru sem oftár í atvinnulífinu á Bíldudal. Menn voru ekki á eitt sáttir hvernig bregðast skyldi við vandanum og var hver höndin upp á móti annarri í plássinu.

Voru nú gerðir út menn á fund kommissara í Framkvæmdastofnun til að herja út fjármuni til að reyna að hressa við atvinnulífið á staðnum. Ekki bar það árangur sem skyldi og hófust nú bréfaskriftir. Sverrir hafði með Vestfirðina að gera og var því vandi Bílddælinga á hans könnu. Í einu af bréfum þeirra kom fram, að þeir þyrftu svo og svo margar krónur í fyrirgreiðslu til að hressa upp á frystihúsið.

Ekki stóð á svari hjá Sverri. Hann ráðlagði Bílddælingum að byrja á því að senda sundurlyndisfjandann út á sextugt djúp og þá mundi allt snúast þeim til betri vegar. Fyrr fengu þeir ekki krónu hjá sér!

Eftir þessa ráðleggingu kommissarsins brá svo við að Bílddælingum gekk allt í haginn um nokkurt skeið og má segja að orð Sverris hafi orðið að áhrinsorðum.

Barfapingmenn

Sveinn Guðmundsson, bóndi og kennari á Miðhúsum í Reykhólasveit, fréttaritari Morgunblaðsins um langan aldur, var mikill félagsmálamaður. Eitt sinn var hann á fundi sem þingmenn Vestfirðinga héldu sameiginlega í Mjólurstöðinni á Reykhólum. Mikið var rætt um fólksfækkun í kjördæminu en þó einkum í Austur-Barðastrandarsýslu. Sveinn kom í ræðustól og skoraði á þingmenn að gera allt sem í þeirra valdi stæði til að snúa þessari óheillaþróun við, þannig að fólki fjölgaði á ný.

Matthías Bjarnason varð fyrir svörum og lýsti því yfir sem fyrsti þingmaður kjördæmisins, að Karvel Pálmason og Ólafur Þ. Þórðarson myndu taka að sér að sjá um fjölgunina.



JÓLATRÉ!

Við hjá KR verðum með einkar glæsileg jólatré til sölu þetta árið, til styrktar félagsins.

Danskur Normanspinur í hæsta gæðaflokki.

Kikið á okkur í Frostaskjólinu.

Garðyrkjumenn frá Garðabjónustu Reykjavíkur aðstoða við valið.

Áfram KR!

Opnunartímar: Frá 10 - 23 des
Virkir dagar kl. 14 - 22:00
Helgin 13-14. des kl. 10:30 - 19:30
Helgin 20-21 des kl. 10 - 22:00



Margt að gerast í Dómkirkjunni á aðventunni

Á aðventunni er mikið um að vera í Dómkirkjunni og Safnaðarheimilinu við Vonarstræti. Guðsþjónustur, bænastundir, athafnir, viðburðir, tónleikar, samverur þar sem sálin fær næringu af boðskapnum um ljósið sem skín í myrkrinu og blessar líf og heim.

Sunnudaginn 14. desember kl. 16:00 verða aðventutónleikar í Dómkirkjunni. Þau Hlín Pétursdóttir Behrens, sópran, Hólmfríður Jóhannesdóttir, messósópran og Jón Sigurðsson píanóleikari munu þar flytja eftirlætistónlist sem tengist jolum og aðventu. Á dagskránni eru bæði gamalkunnug og minna þekkt íslensk jólalög. Jólatónleikar Dómkórsins verða sunnudagskvöldið 21. desember, klukkan 22:00. Stjórnandi er Kári Þormar, dómorganisti. Óhætt er að fullyrða að það verða dásamlegir tónleikar. Í huga margra eru jólatónleikar Dómkórsins í dimmasta skammdeginu ómissandi sem hluti aðventu og jólaundirbúningsins.

Sama er að segja um hina árlegu kertaljósatónleika „Mozart við kertaljós“ sem Camerartica heldur, mánudagskvöldið, 22. desember kl. 21:00. „Mozart við kertaljós“ hefur verið fastur



Kátt var yfir mannskapnum á þrjónakvöldi Dómkirkjunnar í upphafi aðventunnar. Hér má sjá þær Valgerði Hjörleifsdóttur, sem er ein af öflugum og trúföstu Dómkirkjukonunum og frú Agnesi M. Sigurðardóttur, biskup Íslands, sem var sérstakur gestur á þrjónakvöldinu.

liður í Dómkirkjunni um tveggja áratuga skeið. Þykir mörgum ómissandi að koma úr miðri jólaöðsinni inn í kyrrðina og kertaljósinn í rökkirinu og njóta ljúfrar tónlistar Mozarts. Hópin skipa að þessu sinni þau Ármann

Helgason, klarinettuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir og Bryndís Pálsdóttir fiðluleikarar, Svava Bernharðsdóttir víðuleikari og Sigurður Halldórsson, sellóleikari. Á dagskránni eru tvær af þremur Mozarts „Eine kleine Nachtmusik“ Kv. 525 og Klarinettukvintettinn K. 581. Að venju lýkur tónleikunum á því að Camerartica leikur jólasálminn kunna, „Í dag er glatt í döprum hjörtum“, við lag Mozarts.

Dómkirkjan óskar öllum blessaðrar aðventu.

HLEÐSLUTÆKI

Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.

Tilvalin jólagjöf

15%

Jólaafsláttur af þessum frábæru hleðslutækjum



SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bíldshöfða 12 - 110 Rvík - 5771515 - www.skorri.is



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!



JS LJÓSASMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland



Jólaflínan frá Heklu
Serviettur 990 kr.
Kerti 1.950 kr.
Eldspýtur 695 kr.



Jón í lit 6.250 kr.
Fæst í mörgum litum
Almar Alfreðsson




Bollar 2 saman 5.995 kr.
Diskar 2 saman 4.250 kr.
Sveinbjörg Hallgrímsdóttir



Sérpakkað súkkulaði 695 kr.
Safnbúðin



Servéttuhringir/boðskaut 1.895 kr.
Deqqor



Sigfús Eymundsson, Myndasmiður
8.990 kr. Safnbúðin



Kertastjaki 3.600 kr.
Skuggaspil: 3.600 kr.
Bility



Minnisbók fyrir skipulag, skissur
og skáldskap 3.250 kr.
Safnbúðin



Flöskutappar 4.990 kr.
Safnbúðin

**FALLEGAR
GJAFIR Á
GÓÐU VERÐI**

SAFNBÚÐ ÞJÓÐMINJASAFNSINS



Jólaótturinn
1.295 kr.
Safnbúðin

Blóm jólanna



- Jólatúlípanar
- Ilmandi Hyacinthus
- Glitrandi jólavendi

Blómagallerí

Gleðileg jól!

Hagamel 67 • S: 552 6070



ÞORLÁKSMESSUSKATA

Þjóðum upp á skötu alla daga frá hádegi til kvölds fram að jólum, kr. 2.350.- fyrir manninn.

Pantið tímanlega fyrir þorláksmessuna því færri komast að en vilja. Pöntunarsími 553 1500.

Munið heimasíðuna
www.saegreifinn.is

Sægreifinn

Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500





Það eru 30-36 flokkunarmöguleikar á endurvinnslustöðvum SORPU. Þú getur nálgast ítarlegar flokkunarleiðbeiningar á sorpa.is.



Komdu við á næstu endurvinnslustöð og náðu þér í nýtt dásamlegt dagatal sem inniheldur m.a. flokkunartöflu SORPU fyrir árið 2015.

LEGGUR ÞÚ ÞITT AF MÖRKUM?

flokkum og skilum flokkunartafla					
FLOKKUNARMERKI	FLOKKUR	HIRÁEFNI	FRÁGANGUR	HVERT Á AÐ SKILA	ENDURVINNSLA
	Bylgjupappír, sléttur pappír, pappír og fernur	Pappakassar, þrúkaðar, dagblað, tímarit, pappír, pappírsmúður og fernur (sléttur pappír með færa máli)	Lagðar saman til að minnka rúmmál, skola fernur	Á endurvinnslustöð SORPU, í bláa grenndargámnum eða í bláum / endurvinnslustöðvum við heimili	Nýir pappakassar, pappírsmúður, sléttur pappír og sléttur fernur
	Plásturbúðir	Allar plásturbúðir, krútur, dólur, bakkar o.fl.	Tæma vel, pressa saman til að minnka rúmmál	Í græna grenndargámnum eða á endurvinnslustöð SORPU	Plásturflúr, elín og dólur, húsgagn, bátar o.fl.
	Nýttjálur, fatnaður og skór	Húðnaður, smíðar, hál, rúttar og fatnaður	Fatnaður og smíðar fara í Bláa kross gámnum (BK) og nýttjálur fara í Góða hárta gámnum	Á endurvinnslustöð SORPU, í bláa kross gámnum (BK) og nýttjálur fara í Góða hárta gámnum	Húðnaður og smíðar fara í verðun Góða hárta, lítill endurnotað eða fara í endurvinnslu í gegnum BK
	Steinefni	Postala, glaskrúkkur, flísar og smátt gler		Á endurvinnslustöð SORPU	Múll rútur og rúttar sem uppfylling
	Spilliefni, ljóspapír, sparpapír og rúttar	Rúttar, sprengingar, ljóspapír, málning, ljóspapír / sparpapír, dryg rúttar o.fl.	Spilliefni í bláum umboðum	Á endurvinnslustöð SORPU, í spilliefnagámnum og rúttar í rúttagámnum	Málning og ljóspapír eru t.d. endurnotað í flísar og glerflísar verða að uppfylling
	Skilgjafalesteyndir umboðir	Dúg, glerflísar og plásturflísar	Óbreyttar	Skilað inn á vörð endurvinnslustöðvum (því sorpa.is) eða til Endurvinnslustöðvum M.	Alkínar eru endurnotaðar, plásturflísar eru t.d. endurnotaðar í flísar og glerflísar verða að uppfylling
	Málmar	Alúmin, álþoppur, krúkkur, naglar, rúttar, rúttar, spríttar, rúttar o.fl.	Má fara laust í grúa hennara, ef flúkkar verður frá í málmar og flokkunartöflu í Örninni	Mátti málmar mega fara laust í grúa hennara. Má einnig skila á endurvinnslustöð SORPU	Sérstök ferðir þar sem það er kræft og endurnotað í nýja málmarflúr

OPIÐ mán–fös 12.30–19.30
Breiðhella opnar 8.00

lau–sun
12.00–18.30

Veldu vistvænan lífsstíl



Gleðilega hátíð



KR er enn ósigrað í Dominos-deildinni

KR er enn ósigrað í Domino's-deild meistaraflokks karla eftir níu umferðir en liðið hafði betur gegn Stjörnunni í leik 5. desember þrátt fyrir ágæta baráttu Garðbæinga.

Garðbæingarnir byrjuðu af miklum krafti og ætluðu að skjóta KR-inga í kaf. Það gekk fullkomlega upp í fyrsta leikhluta en KR-ingar komu skikki á sinn varnarleik og rúlluðu öðrum leikhlutu upp, 36-17. Heimamenn héldu forystunni allan síðari hálfleikinn en Stjörnumenn gáfust þó ekki upp og náðu mest að minnka muninn í þrjú stig, 81-78, þegar sjö mínútur voru eftir. En þá tóku heimamenn öll völd og sigldu öruggum sigri í höfn.

Brynjar Þór Björnsson skoraði 23 stig fyrir KR og Michael Craion



Pavel Ermolinskij er búinn að vera öflugur í vetur.

22. Hjá Stjörnunni var Jarrid Frye með 28 stig og Dagur Kári Jónsson með 22 stig. KR-ingurinn Pavel Ermolinskij var nálægt

þrefaldri tvennu en hann var með þrettán stig, tólf fráköst og níu stoðsendingar. Erfitt að stöðva KR þegar þeir komast í þann ham sem liðið var í öðrum leikhluta og stærstan hluta síðari hálfleiks. Stjörnumönnum gekk ágætlega að halda í við þá framan af en sprungu svo endanlega á síðustu mínútum leiksins. Brynjar Þór og Helgi Már voru drjúgir eins og oft áður og Pavel sinnti sínu leiðtogahlutverki afar vel. Stjörnumenn náðu þó að halda aftur af Craion á löngum köflum í fyrri hálfleik en þegar þeir fóru að þreystast í síðari hálfleik varð sú barátta sífellt erfiðari. Craion fór mikinn undir körfunni í fjórða leikhluta og KR-ingar stungu af undir lokin.

Sindri Freyr Glímukappi KR í ár

Bikarglíma KR fór fram í íþróttahúsi Melaskólans 4. desember.

Úrslit urðu þau að Sindri Freyr Jónsson hlaut þrjá vinninga. Elvar Ari Stefánsson hlaut einn og hálfan vinning. Ásgeir S. Víglundsson hlaut einnig einn og hálfan vinning. Þá má segja frá því að Sindri Freyr Jónsson er Glímukappi KR í ár og vann sínar viðureignir á góðum glímubrögðum og á flautunni. Elvar Ari Stefánsson er ungur og lipur glímumaður stóð sig einnig vel að glímunni.



Sindri Freyr Jónsson.

KR-SÍÐAN



Borðtennis:

Sigur og tap hjá KR í 1. deild karla

Kári Mímisson vann báða einliðaleiki sína í borðtennis gegn Víkingi-C, gegn þeim Arnóri Gauta Helgasyni og Kristjáni Jónassyni og tvíliðaleikinn með Pétri Marteini Tómassyni. Breki Þórðarson sigraði Hörð Birgisson en tapaði fyrir Kristjáni í oddalotu. Pétur tapaði fyrir Arnóri Gauta í oddalotu.

KR-A er ósigrað í deildinni með átta stig og mætir A-liði Víkings þann 17. desember í síðasta leik

fyrri hluta deildarinnar. Einar Geirsson sigraði Magnús Jóhann Hjartarson í einliðaleik. Þá sigruðu Einar og Kári Ármannsson Magnús og Sindra Þór Sigurðsson í tvíliðaleik. Einar tapaði í oddalotu fyrir Óla Páli Geirssyni og Kári tapaði 1-3 fyrir Óla. Hlöðver Steini Hlöðversson lék einnig með liðinu og tapaði fyrir Magnúsi. KR-B hefur tvö stig eftir fjóra leiki og er í 4.-5. sæti af sex liðum.

Skötuhlaðborð á Þorláksmessu

Á Þorláksmessu verður boðið upp á dýrindis skötuveislu í KR heimilinu og ljúfa drykki með.

Ekki láta þetta framhjá þér fara. Njóttu þessara dýrindis veitinga í besta félagsskap sem völ er á, með KR-ingum.



GETRAUNANÚMER
KR ER 107

Þú færð
KR-vörurnar
hjá okkur!

Óskum KR-ingum og öllum
Vesturbæingum gleðilegra jóla

Jói útherji
www.joiutherji.is

Ármúli 36 • Reykjavík 108
S: 588 1560

6. JANÚAR 2015
KR-HEIMILIÐ Í FROSTASKJÓLI
KL. 18:00

PRETTÁNDÁHÁTÍÐ

KVEIKT Í BRENNUNNI
kl. 18:30

FLUGELDASÝNING
kl. 18:45

HÁTÍÐIN HEFST KL. 18.00 VIÐ KR-HEIMILIÐ ÞAR SEM SUNGIN VERÐA NOKKUR LÖG OG SÍÐAN GENGIÐ MEÐ BLYS AÐ BRENNUNNI Á ÆGISSÍÐU - KAKÓ OG KLEINUR TIL SÖLU Á VÆGU VERÐI -

FORELDRAFÉLÖG GRUNNSKÓLA VESTURBÆJAR OG ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ VESTURBÆJAR

Styrktar- og samstarfsaðilar:

Góðar jólagjafir!

Í Reykjavíkur Apóteki, gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Mikið úrval af allskyns
gjafavöru fyrir jólin!

Reykjavíkur Apótek býður upp á
allar tegundir lyfja.

Mikið og fjölbreytt úrval af
allskyns heilsuvörum, bað- og
ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa
annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er
sjálfstætt starfandi apótek sem
leggur áherslu á persónulega
þjónustu og hagstætt verð.

**Öryrkjar og eldri borgarar njóta
sérkjara hjá okkur**



Kíktu við fyrir jólin og sjáðu hvort þú finnur ekki jólagjöfina hjá okkur!

Afgreiðslutími:

9-18:30 virka daga

10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is